FRÉTTABLAÐIÐ

62. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 30. MARS 2021

Þúsundir hafa lagt leið sína undanfarið að gosstöðvunum í Geldingadölum. Á síðari hluta stikuðu leiðarinnar að gosinu þarf að fara um nokkuð bratta brekku og þar myndast gjarna nokkur þvaga fólks þar sem göngumenn lesa sig bæði upp og niður eftir kaðli sem þar hefur verið komið fyrir. Ekki er að sjá að sóttvarnir séu áberandi á þessum slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja úttekt á Samkeppniseftirlitinu

SA kalla eftir stjórnsýsluúttekt á Samkeppniseftirlitinu. Framkvæmdastjóri SA segir samskipti fyrirtækja og eftirlitsins komin í öngstræti. Setja þurfi stofnuninni skýr mörk og veita henni aðhald. Segir hvort tveggja skorta. Mál Festar sé aðeins eitt af mörgum.

VIÐSKIPTI Samtök atvinnulífsins (SA) hvetja Alþingi til að kalla eftir stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Samkeppniseftirlitinu og framferði stofnunarinnar. Eftirlitsstofnunin þurfi meðal annars að svara áleitnum spurningum um ákvarðanir tengdar verslun Festar hf. á Hellu og óhóflegan kostnað af kunnáttumanni.

„Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hlýtur að kalla eftir skýringum Samkeppniseftirlitsins á þessum samskiptum og ákvörðunum þeim tengdum," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

Kostnaður Festar af óháðum kunnáttumanni vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið, frá því að hann tók til starfa haustið 2018, nemur samtals 56 milljónum króna.

Umræddur kunnáttumaður, Lúðvík Bergvinsson héraðsdómslögmaður, var skipaður af Samkeppniseftirlitinu í kjölfar þess að olíufélagið N1 ehf. og eftirlitið náðu samkomulagi um sátt vegna kaupa þess á eignarhaldsfélaginu Festi hf. í lok júlí árið 2018.

Halldór Benjamín bendir á að Festi hafi ítrekað gert efnislegar og rökstuddar athugasemdir við störf óháða kunnáttumannsins og gagnrýnt óhóflega þóknun sem hann hefur krafið félagið um.

> **Þögn eða aðgerðaleysi þings er óboðlegt þegar ríkisstofnun gengur fram með þessum hætti.**

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

„Samkeppniseftirlitið hefur svarað því til að það sé ekki í verkahring þess að taka afstöðu til álitaefna sem risið geta vegna útgjalda tengdra óháðum kunnáttumanni. Við blasir að óeðlilegt er að setja fyrirtækið í þá stöðu að standa í deilum um reikninga frá kunnáttumanni sem hefur verið fært vald til að hafa veruleg áhrif á hag þess."

Halldór Benjamín segir að samskipti Festar og Samkeppniseftirlitsins veki upp áleitnar spurningar.

„Þetta mál er aðeins eitt af mörgum," segir Halldór Benjamín. „Stjórnarformenn skráðra fyrirtækja hafa undanfarið gert samskipti sín við Samkeppniseftirlitið að umtalsefni í ávörpum á aðalfundum, sem lýsir því öngstræti sem samskipti eftirlitsstofnunarinnar og fyrirtækja hafa lent í. Á þann hnút verður að höggva. Fullt tilefni er til þess að Alþingi kalli eftir stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Samkeppniseftirlitinu og einstökum ákvörðunum þess. Eftirlitsstofnunin ætti að fagna slíkri úttekt," segir hann.

„Þögn eða aðgerðaleysi þings er óboðlegt þegar ríkisstofnun gengur fram með þessum hætti," bætir Halldór Benjamín við. „Setja verður Samkeppniseftirlitinu skýr mörk og veita því nauðsynlegt aðhald, en hvort tveggja skortir." **– þfh**

Þorvaldur Þórðarson jarðfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGUR ARI

Fái sér kaffi og njóti útsýnisins

ELDGOS „Þetta bara heldur áfram," segir Þorvaldur Þórðarson jarðvísindamaður um ganginn í gosinu í Geldingadölum.

„Það er aðeins meira púður í gígunum núna. Það gæti verið vegna þess að gígopin efst eru orðin aðeins þrengri. Það eru heldur hærri strókar upp úr þeim. Þetta er eina breytingin sem ég hef séð annars er þetta einfaldlega stöðugt rennsli," segir Þorvaldur.

Kvikustreymið er að sögn Þorvaldar í jafnvægi. „Á meðan það verður engin breyting á því held ég að þetta haldi áfram að dæla út," segir hann. Nóg sé til undir yfirborðinu. „Sá tankur er búinn að vera að safna í sig í átta hundruð ár."

Þorvaldur segir enn mjög gott aðgengi að gosstöðvunum. „Það er bara að koma sér vel fyrir í brekkunum fyrir ofan og fá sér smá kaffi," ráðleggur hann. **– gar**

Lágstreymt í löndun



Unnið var að löndun í Keflavíkurhöfn í gær. Báturinn heitir Hraunsvík og kallast nafn hans á við eldsumbrotin á Reykjanesskaga. Telja má víst að báturinn hafi þó verið til nokkru lengur en hraunið sem rennur í Geldingadölum. Enn er beðið eftir nafni á það. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Óafsakanlegur dráttur hjá Skipulagsstofnun

FISKELDI Skipulagsstofnun hefur verið gert að taka til afgreiðslu án frekari tafa tillögu Arnarlax að matsáætlun og frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar á laxi í sjókvíum fyrirtækisins í Arnarfirði. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Arnarlax kærði í nóvember síðastliðinn „vanrækslu Skipulagsstofnunar á því að afgreiða frummatsskýrslu, eða eftir atvikum að afgreiða matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum, vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar á laxi um 4.500 tonn í núverandi sjókvíum kæranda í Arnarfirði," eins og segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar sem tekur undir með Arnarlaxi að málsmeðferð Skipulagsstofnunar hafi ekki verið í samræmi við lög.

„Er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að óhæfilegur dráttur hafi orðið á afgreiðslu erinda kæranda [Arnarlax], þær tafir eigi sér ekki lagastoð og séu því ekki afsakanlegar. Verður því lagt fyrir Skipulagsstofnun að taka til formlegrar afgreiðslu án frekari tafa tillögu kæranda að matsáætlun, sem og frummatsskýrslu hans," segir úrskurðarnefndin. Ljóst sé að teldi stofnunin matsáætlun vera forsendu þess að hún gæti tekið frummatsskýrsluna til meðferðar hafi henni borið henni að hafna skýrslunni með þeim rökum. **– gar**

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.

Blasi við að taka gjald fyrir aðgang að gosinu

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sem gekk að gosstöðvunum um helgina, hefur lengi sagt að rukka eigi gjald fyrir aðgang að náttúruperlum landsins. Hann vill að drifið verði í gjaldtöku í Geldingadölum.

ELDGOS „Mér finnst það vera einfalt mál og að það eigi að drífa í gjaldtöku," segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, en hann er einn af þeim fjölmörgu sem hafa skoðað eldstöðvarnar í Geldingadölum.

Ólafur hefur lengi verið á þeirri skoðun að hefja eigi gjaldtöku við náttúruperlur landsins. Hann skrifaði fyrst um nauðsyn gjaldtöku í Lesbók Morgunblaðsins árið 1988 þegar landeigendur við Höfða í Mývatnssveit fóru að rukka inn.

„Þetta er enn að velkjast fyrir fólki. Mér finnst þetta einfalt mál. Hvort sem það er þessi náttúruperla eða einhver önnur þá kostar peninga að leggja stíga, vera með gæslu, setja upp merkingar og svo framvegis. Það er miklu eðlilegra að þeir sem njóta náttúrunnar á þessum stað borgi fyrir það en það sé fjármagnað af skattfé sem er síðan alltaf of naumt skammtað," segir Ólafur.

Á sunnudag varð mikil örtröð er fólk var að yfirgefa gossvæðið. Þurfti að fara hægt yfir til að komast aftur í bílana. Mikil hálka myndaðist á gönguleiðinni þegar byrjaði að snjóa og strekkingsvindur gerði líka fólki erfitt fyrir.

Bogi Adolfsson, formaður björgunarsveitarinnar Þorbjarnar í Grindavík, sagði í samtali við Fréttablaðið á sunnudag að sumir hefðu örmagnast á göngunni. Í gær ráðlögðu viðbragðsaðilar göngufólki að hafa brodda meðferðis en flughált var á gönguleiðinni að gosstöðvum.

„Það æpir á mann þegar maður gengur þarna um að það þurfi að afmarka gönguleiðirnar betur, gæta að öryggi fólks og passa upp á umgengni, því að við höfum séð sorglegar fréttir um sóðaskap við gosstöðvarnar. Kannski þarf að setja upp skilti til að minna fólk á að fara með ruslið heim," segir Ólafur í léttum dúr. Upplifunin hafi þó verið ekkert minna en stórkostleg.

„Þetta er mikið sjónarspil og þetta ferðalag í svona fjölmennum hópi var dálítið skemmtilegt. Það var svolítil pílagrímastemning í þessu. Þetta minnti mig aðeins á þegar ég gekk á heilagt fjall á Srí Lanka ásamt nokkrum þúsundum," segir Ólafur. Það sé dálítið sérstakt að vera í fjölmenni í fjallgöngu á Íslandi.

„En maður vorkenndi klárlega náttúrunni svolítið, gróðurinn er viðkvæmur þarna. Mér finnst full þörf á að taka til hendi á svæðinu og afmarka leiðirnar betur og það er hið eðlilegasta mál að þeir sem koma borgi fyrir þá þjónustu," segir Ólafur. **benediktboas@frettabladid.is**

Gífurlegur fjöldi sækir í sjónarspilið í Geldingadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Það er miklu eðlilegra að þeir sem njóta náttúrunnar á þessum stað borgi fyrir það en það sé fjármagnað af skattfé sem er síðan alltaf of naumt skammtað.**
>
> Ólafur Stephensen

FARANGURSBOX
Í MIKLU ÚRVALI

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA
VIÐ BÍLAEIGENDUR OG
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

HAPRO OG NORDRIVE

ROADY 350

max þyngd 50 kg
300 lítra
Vöru nr. 33190-442
49.984 kr

ROADY 450

max þyngd 50 kg
420 lítra
Vöru nr. 33629-442
59.990 kr

TRAXER 4.6

max þyngd 75 kg Steingrátt
370 lítra
Vöru nr. 38885-442
84.995 kr

TRAXER 6.6

max þyngd 75 kg Steingrátt
410 lítra
Vöru nr. 35908-442
98.990 kr

TRAXER 6.6

max þyngd 75 kg Silfurgrátt
410 lítra
Vöru nr. 35903-442
98.990 kr

TRAXER 6.6

max þyngd 75 kg Svart
410 lítra
Vöru nr. 25910-442
119.990 kr

TRAXER 8.6

max þyngd 75 kg Silfurgrátt
530 lítra
Vöru nr. 35909-442
129.990 kr

TRAXER 8.6

max þyngd 75 kg Svart
530 lítra
Vöru nr. 25911-442
139.990 kr

NORDRIVE 330

max þyngd 75 kg Svart
330 lítra
Vöru nr. N60001-094
64.985 kr

NORDRIVE 330

max þyngd 75 kg Svart
330 lítra
Vöru nr. N60002-094
64.985 kr

NORDRIVE 430

max þyngd 75 kg Silfur
430 lítra
Vöru nr. N60011-094
78.981 kr

NORDRIVE 430

max þyngd 75 kg Svart
430 lítra
Vöru nr. N60012-094
78.981 kr

NORDRIVE 530

max þyngd 75 kg Silfur
530 lítra
Vöru nr. N60021-094
84.985 kr

NORDRIVE 530

max þyngd 75 kg Svart
530 lítra
Vöru nr. N60022-094
84.985 kr

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Brigslyrðin ganga milli fyrrverandi samstarfsmanna í Alvogen

VIÐSKIPTI Róbert Wessman, forstjóri Alvogen og Alvotech, er sakaður um að hóta fyrrverandi samstarfsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra lífláti.

Halldór Kristmannsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alvogen og Alvotech og náinn samstarfsmaður Róberts til 18 ára, sendi stjórnum fyrirtækjanna bréf þann 20. janúar til að vekja athygli á stjórnunarháttum og ósæmilegri hegðun Róberts.

Í ítarlegri greinargerð er skorað á stjórnir fyrirtækjanna að taka líflátshótanir og ógnandi textaskilaboð Róberts til sérstakrar rannsóknar. Halldór hefur að eigin sögn lagt fram tugi tölvupósta og textaskilaboða, sem sýna hvernig hann var beittur óeðlilegum þrýstingi til að koma höggi á óvildarmenn Róberts, sem hann bar þungum sökum.

Halldór segir samstarf þeirra Róberts hafa að mestu leyti verið farsælt en að það hafi myndast alvarlegur ágreiningur milli þeirra

Höfuðstöðvar Alvogen og Alvotech í Vatnsmýri. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

» Halldór Kristmannsson kveðst hafa tugi tölvupósta og textaskilaboða, sem sýni hvernig hann var beittur óeðlilegum þrýstingi til að koma höggi á óvildarmenn Róberts Wessman.

sumarið 2018 og í september 2020, þegar Róbert bar háttsetta embættismenn á Íslandi, alþjóðlegan fjárfesti og íslenskan blaðamann þungum sökum.

Segist Halldórhafa orðið persónulega fyrir líkamsárás og orðið vitni að annarri frá Róbert, þegar hann var undir áhrifum áfengis á viðburðum fyrirtækisins erlendis.

„Það er augljóst af bréfasendingum lögmanna Halldórs, Quinn Emanuel, að ásakanir hans eru gerðar í fjárhagslegum tilgangi enda koma þar fram kröfur um greiðslur til handa honum," segir meðal annars í yfirlýsingu frá Róbert Wessman sem barst fjölmiðlum síðdegis í gær. **– ilk, aá**

Bólusett. FRÉTTBLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bóluefni Jansen berst 19. apríl

COVID-19 Fyrirtækið Jansen, dótturfélag bandarísku lyfjafyrirtækisins Johnson & Johnson, tilkynnti í gær að bóluefni fyrirtækisins gegn COVID-19 byrji að berast Evrópuþjóðum 19. apríl.

Að því er fram kemur í frétt sænska ríkissjónvarpsins hefur Evrópusambandið pantað 200 milljónir skammta af Jansen-bóluefninu og á möguleikann á því að fá annað eins magn afgreitt til viðbótar. Bóluefnið hefur þá sérstöðu gagnvart öðrum bóluefnum gegn COVID-19 að aðeins þarf að gefa það einu sinni og er mun einfaldara að flytja og geyma það en bóluefni Pfizer, Moderna og AstraZeneca.

Reiknað er með að 3.500 skammtar af Jansen-bóluefninu berist til Íslands til að byrja með. **– gar**

Bannað að leggja

ELDGOS Sett hefur verið bann við að leggja bifreiðum við Suðurstrandarveg. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Þá hefur einstefnuakstri um Suðurstrandarveg til austurs frá Grindavík verið aflétt eftir að Vegagerðin lauk bráðabirgðaviðgerðum vegarins upp með Festarfjalli.

Fram kemur einnig að öllum bílum verði beint á bílastæði sem hafa verið útbúin í grennd við upphafsstað gönguleiða að eldgosinu í Geldingadölum. Áætlað er að 1.000 bílar geti lagt þar. **– la**

Ný landfylling háð skilyrðum

Ferskvatnsfiskar í Elliðavatni og Elliðaám eru helsta áhyggjuefni vegna landfyllinga í Elliðavogi. Skipulagsstofnun leyfir fyrsta áfangann ef gripið verður til varnaðaraðgerða. Meiri vafi um seinni tvo áfangana.

SKIPULAGSMÁL Stofnanir sem gefa umsagnir um áformaða þrettán hektara landfyllingu í Elliðavogi hvetja til þess að farið verði með ítrustu gát til að spilla ekki fyrir laxastofni Elliðaánna.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur er þessi fyrirhugaða landfylling eitt af þremur lykilsvæðum í framtíðaruppbyggingu í borginni. Í matsskýrslu frá borginni sem Skipulagsstofnun tók til skoðunar er talið að samtals þurfi 1,0 til 1,2 milljónir rúmmetra af efni í landfyllinguna sem verði varin af sjóvarnargörðum. Í garðana þurfi um 21 þúsund rúmmetra af grjóti. Taka muni þrjú til fjögur ár að ljúka við landfyllinguna.

Iðnaðarstarfsemi, þar með talin starfsemi jarðefnafyrirtækisins Björgunar, á svæðinu verður lögð af og í staðinn kemur blönduð byggð. Fyrsti áfanginn verður 2,5 hektarar. Gert er ráð fyrir að 90 prósent af því efni sem til þarf, sem áætlað er að séu um 240 þúsund rúmmetrar, fáist af athafnasvæði Björgunar. Afgangurinn fáist með dælingu af sjávarbotni.

Segir Skipulagsstofnun að það mat á umhverfisáhrifum sem þegar hafi farið fram sé nægilegur grundvöllur til að leyfa 1. áfanga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. „Ljóst er að enn er ósvarað veigamiklum spurningum um áhrif 2. og 3. áfanga landfyllingarinnar á laxfiska," segir stofnunin hins vegar.

Í fyrsta lagi segir Skipulagsstofnun að kanna þurfi hættu á mengun úr neðri lögum botnsets áður en farið sé í fyrsta áfangann. Þá þurfi að afmarka framkvæmdasvæðið með görðum eða öðrum aðgerðum til að takmarka eins og hægt sé að grugg berist til búsvæða laxfiska á ósasvæði Elliðaánna. Og í þriðja lagi setur Skipulagsstofnun það



Fyrsti áfangi í landfyllingum við Elliðaárvog er austast en áfangi 2 er vestast. Þriðji áfanginn er á milli. MYND/VERKÍS

» Í Elliðaám og Elliðavatni eru allar tegundir ferskvatnsfiska hérlendis, það er lax, bleikja, urriði, hornsíli og áll. Allar tegundirnar fara á milli ferskvatns og sjávar.

skilyrði að framkvæmdatíminn sé „bundinn við þann tíma árs þegar laxfiska er almennt ekki að vænta á ósasvæðinu".

Eitt helsta áhyggjuefnið vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa landfyllingarinnar tengist einmitt silungi og laxi. Segir Skipulagsstofnun að sýnt hafi verið fram á mikilvægi ósasvæðisins fyrir gönguseiði og fullorðinn lax við lífeðlisfræðilega aðlögun að breyttu seltumagni. Í Elliðaám og Elliðavatni sé að finna allar tegundir ferskvatnsfiska hérlendis, það er lax, bleikju, urriða, hornsíli og ál. Allar þessar tegundir geti farið á milli ferskvatns og sjávar.

Þá segir að göngutími fiska skipti verulegu máli gagnvart öllum framkvæmdum í Elliðaárvogi. Fiskur sé að ganga til og frá sjó frá apríl fram í nóvember. Því séu það aðeins fimm vetrarmánuði sem ekki sé samgangur fiska milli sjávar og ferskvatns í Elliðaárvogi.

Vitnað er til umsagnar Veiðimálastofnunar sem segir að fara þurfi að öllu með gát. „Er bent á að ef hin fyrirhugaða landfylling auki afföll fiska umtalsvert séu miklir hagsmunir í húfi, bæði veiðihagsmunir og þeir hagsmunir sem fylgja þeirri hreinleikaímynd að hafa upprunalegan laxastofn í miðri höfuðborg."

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Fiskistofa taka í sama streng og Veiðimálastofnun varðandi fiskana. Sama gildir um Skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg sem segir „nauðsynlegt að ítrustu varfærni verði gætt við þessa framkvæmd enda einstakt að hafa laxveiðiá í miðri höfuðborg og því beri að hlúa að ánum frekar en að skapa aukið álag og áhættu".

gar@frettabladid.is

TAX FREE

{ EKKI MISSA AF ÞESSU }

REYKJAVÍK | AKUREYRI | [illegible]ÖRÐUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

LÝKUR Á LAUGARDAG

*** Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba.** Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

NATURE'S REST LUXURY
heilsurúm með Classic botni

VERÐDÆMI

160 x 200 cm Nature's Rest Luxury heilsudýna á Classic botni: **Fullt verð: 104.900 kr.**

Aðeins 84.597 kr.

AUSTIN
3ja sæta rafdrifinn sjónvarssófi.

VERÐDÆMI

Svart eða grátt leður – fullt verð: 234.900 kr.

Aðeins 189.435 kr.

DORMA LUXE
heilsársæng 140x200 cm

VERÐDÆMI

Fullt verð: 25.900 kr.

Aðeins 20.720 kr.

SKEMMTILEGAR PÁSKAVÖRUR
Mikið úrval og gott verð.

LICATA
hornsófi hægri eða vinstri.
Grár eða koníaksbrúnn.

VERÐDÆMI

Fullt verð: 269.900 kr.

Aðeins 217.661 kr.

SÆGURFÖT
Mikið úrval og gæði

VERÐDÆMI

Fullt verð frá: 10.990 kr.

Frá aðeins 8.7.92 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

Amma Hófí fékk um 16 milljónir endurgreiddar vegna myndarinnar.

The Challenge fékk langmest endurgreitt

MENNING Raunveruleikaþáttur MTV, The Challenge, fékk 311 milljónir króna endurgreiðslu úr Kvikmyndamiðstöð Íslands en listinn birtist í gær. Styrkurinn var sá langhæsti af þeim rúmlega 18 verkefnum sem hafa fengið endurgreiðslu.

Endurgreiðslan hljóðar upp á 25 prósent af framleiðslukostnaði og má því reikna með að framleiðslukostnaður hafi numið yfir milljarði króna en Pegasus framleiddi.

Þættir og myndir sem sýnd voru á RÚV eru fyrirferðarmikil á listanum. Þannig fékk Kappsmál 18 milljónir, Áramótaskaupið fékk 13 milljónir, Eldhugarnir fengu þrjár milljónir, Með okkar augum sömuleiðis og Lesblinda fékk sjö milljónir. **– bb**

Bólusetning gengur of hægt segir Katrín

COVID-19 „Ég er ein þeirra sem hafa sagt: Þetta gengur of hægt fyrir minn smekk, en eigi að síður erum við að ná þeirri áætlun sem við lögðum upp með, það er að segja, nú erum við að nálgast 45 þúsund manns í lok mars eins og við sögðum," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. „Ég hef sagt að ég telji að meirihluti þjóðarinnar verði bólusettur fyrir mitt ár, ég held að það muni standast, út frá þeim áætlunum sem við höfum."

Þetta kom fram í Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

„Auðvitað er töluverður aðstöðumunur milli þjóða. Bretar nýta bara fyrsta skammtinn og eru í þeirri aðstöðu að AstraZeneca er fyrirtæki með tengsl við Bretland. En þegar við skoðum fjölda fullbólusettra þá eru Ísland og Danmörk komin lengst í fullri bólusetningu." **– lb**

Langflestir í bóknámi fara á náttúrufræðibraut

MENNTUN Algengast er að nemendur í almennu bóknámi séu skráðir á náttúrufræðibrautir en þar á eftir koma félagsfræðibrautir og opnar brautir til stúdentsprófs. Þetta kemur fram tölum sem Menntamálastofnun hefur tekið saman um nemendur í íslenskum framhaldsskólum á vorönn.

Yfir þrjú þúsund nemendur eru skráðir á náttúrufræðibraut. Húsasmíði og rafvirkjun eru fjölmennastar í starfsnámsgreinum en sjúkraliðanám kemur þar fast á eftir. Kynjaskipting í starfsnámsgreinum er mjög áberandi. Greinarnar eru jafnan annað hvort áberandi karlagreinar, eins og húsasmíði og rafvirkjun, eða áberandi kvennagreinar, svo sem sjúkraliðanám, nudd og snyrtifræði.

Bóknám er sem fyrr vinsælast.

Þegar niðurstöður um nemendasamsetningu eru teknar saman sést að nær þriðjungur nemenda er skráður í starfsnám og 57 prósent í almennt bóknám.

Aðsókn í starfsnám eykst verulega með hækkandi aldri.

Tölurnar miðast við gögn sem sótt voru í Innu, skólakerfi framhaldsskólanna, þann 1. mars síðastliðinn.

Umsóknir í hefðbundna íslenska framhaldsskóla voru 2.915 talsins. Þar er bæði um að ræða nemendur sem koma nýir inn í framhaldsskóla og þá sem eru að skipta um skóla.

Tekið er fram að listinn nær ekki yfir allar umsóknir í íslenska framhaldsskóla. **– bb**

Allir reiðubúnir að styðja við starfsemi Kvennaathvarfsins

Kvennaathvarfið óskaði eftir tillögum og aðstoð við að finna húsnæði fyrir skjólstæðinga í ljósi hertra sóttvarnareglna. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Framkvæmdastýran bíður spennt eftir átján íbúða blokk sem áætlað er að verði tilbúin í sumar og mun hún hýsa áfangaheimili á vegum athvarfsins.

SAMFÉLAG „Hertar sóttvarnareglur eru í rauninni ástæðan fyrir því að við vorum að leita að auka húsnæði," segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Á sunnudagskvöld óskaði Kvennaathvarfið eftir aðstoð almennings við að finna húsnæði fyrir skjólstæðinga sína.

„Það hefur verið mikil aðsókn hjá okkur undanfarið og í ljósi aðstæðna í samfélaginu er erfiðara að taka á móti fleira fólki í athvarfið," segir Sigþrúður. „Okkur er ekki vel við það að konur deili herbergi og við þurfum helst að hafa eitt autt herbergi fyrir nýjar konur en líka ef einhver skyldi þurfa að fara í sóttkví," bætir hún við.

Er rætt var við Sigþrúði í gær var ekki komin endanleg lausn á vandanum en hún var þó í sjónmáli.

„Það er eins og við manninn mælt, alltaf þegar við biðjum um hjálp þá sprettur upp hersing svo við fengum mikið af ábendingum og tilboðum sem við erum að vinna úr. Þetta virðist allt ætla að bjargast," segir Sigþrúður.

Nú vantar íbúðir fyrir konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu en þurfa ekki lengur neyðarúrræði.

„Þetta væru konurnar sem gætu dvalið í blokkinni okkar ef hún væri tilbúin," segir Sigþrúður og vísar til blokkar sem nú er í byggingu og er ætlað að hýsa áfangaheimili fyrir konur sem dvalið hafa í athvarfinu.

Skrifað var undir verksamning og samning um fjármögnun vegna blokkarinnar sem í eru átján íbúðir í nóvember árið 2019. Safnað var fyrir verkefninu í þjóðarátaki Á allra vörum árið 2017. Áætlað er að starfsemi hefjist næsta haust.



Með meiri einangrun fjölskyldna þarf að hafa augu og eyru opin fyrir ólíkum aðstæðum fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Við viljum vera undirbúin og að það sé pláss fyrir alla.**
>
> Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

„Það hefur verið mikil aðsókn hjá okkur undanfarið og í ljósi aðstæðna í samfélaginu er erfiðara að taka á móti fleira fólki í athvarfið," segir Sigþrúður. „Okkur er ekki vel við það að konur deili herbergi og við þurfum helst að hafa eitt autt herbergi fyrir nýjar konur en líka ef einhver skyldi þurfa að fara í sóttkví," bætir hún við.

„Það er virkilega skemmtilegt að fylgjast með blokkinni spretta upp því þetta er langþráð verkefni sem við byrjuðum á fyrir mörgum árum," segir Sigþrúður.

Áfangaheimilið verður fyrir konur sem búið hafa í Kvennaathvarfinu en eru tilbúnar að taka skref í átt að sjálfstæðara lífi. Þar geta konurnar leigt íbúð og átt sitt heimili samhliða því að fá stuðning frá athvarfinu. „Þetta er svona millistigsúrræði sem hefur vantað fyrir stóran hóp," segir Sigþrúður.

Aðspurð hvort hún geri ráð fyrir aukinni aðsókn í athvarfið um páskana segir Sigþrúður svo ekki vera. „Við búumst ekki endilega við fleirum en við erum með færra starfsfólk um páskana svo við viljum vera undirbúin og að það sé pláss fyrir alla," segir hún.

Mikil aðsókn hefur verið í Kvennaathvarfið síðasta árið en Sigþrúður segir að þó sé aðsókn þeirra sem dvelja í athvarfinu ekki meiri nú en undanfarin ár.

„Það hefur verið mikil aukning í viðtöl hjá okkur," segir Sigþrúður. „Það er aukning í konum sem leita sér aðstoðar í formi viðtala og fá þannig ráðgjöf og stuðning."

Sigþrúður segir mikilvægt að með hertum sóttvarnareglum og aukinni einangrun fjölskyldna sé fólk meðvitað um ólíkar aðstæður fólks og hafi augu og eyru opin.

birnadrofn@frettabladid.is

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 8.30 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

VIÐ KYNNUM

Lúxus Dís

LÁTTU ÞIG DREYMA

Kynnum til sögunnar nýtt útlit á DÍS Íslensku heilsurúmunum okkar.
Nú getur þú gert svefnherbergið þitt enn fallegra, eins og þig dreymir um.

Öll okkar rúm fást nú í nýju útliti sem gerir þér kleift að velja áklæði semdýna, botn og höfðagafl eru bólstruð með. Lakið fer því einungis yfir yfirdýnuna þannig að heildarsvipur rúmsins heldur sér þegar búið er um og gerir svefnherbergið enn fallegra.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Skurðurinn opinn á ný

EGYPTALAND Gámaflutningaskipið Ever Given, sem sat fast í Súesskurðinum í viku, losnaði loks í gær. „Þetta tókst!“ segir í tilkynningu björgunarfyrirtækisins sem unnið hafði sleitulaust að því að losa skipið frá því það strandaði.

Í framhaldinu fer skoðun fram á skipinu og í kjölfar hennar verður ákveðið hvað verður um farm skipsins.

Ever Given er 400 metrar að lengd, 59 metrar að breidd og rúmlega 220 þúsund tonn. Það sat fast í skurðinum frá því á þriðjudag í síðustu viku og lokaði fyrir alla umferð.

Í gær tókst loks að losa skipið og opna skurðinn fyrir umferð á ný.

Á fjórða hundrað skipa hafa beðið eftir að komast leiðar sinnar um skurðinn og hafa tafirnar reynst útgerðum þeirra verulega kostnaðarsamar. **– fbl**

Tilraunaferð með túrista

COVID-19 Farþegaþotu með 189 hollenskum pakkaferðalöngum verður flogið til eyjarinnar Rhodos á Grikklandi 12. apríl næstkomandi í sérstöku tilraunaverkefni til að endurvekja ferðamannaiðnaðinn.

Norska ríkissjónvarpið vitnar til hollensku fréttastofunnar RTL Nieuws sem segir alls 25 þúsund manns hafa skráð sig í von um að fá pláss um borð í flugvélinni. Markmiðið með verkefninu sé að kanna hvort mögulegt sé að opna á umfangsmeiri ferðamennsku í sumar.

Sá galli er á gjöf Njarðar að Hollendingar dvelja allir á sama gististaðnum, Mitsis Grand Beach hótelinu, og mega ekki yfirgefa hótelsvæðið þá átta daga sem ferðin varir. Að sjálfsögðu fara allir í skimun fyrir og eftir ferðina auk þess sem tíu daga sóttkví tekur við er heim til Hollands verður komið. Ferðin kostar 60 þúsund með öllu inniföldu. **– gar**

Mitsis Grand Beach-hótelið.



Heilbrigðisstarfsmenn tylltu sér í gær niður á minningarvegg gegnt Westminster, þinghúsinu í Lundúnum, til að snæða hádegisverð. Hvert hjarta táknar líf sem tapast hefur í baráttunni við veiruna í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Faraldurinn virðist á undanhaldi í Bretlandi

Tímamót urðu í Lundúnum á dögunum þegar ekkert dauðsfall varð af völdum COVID-19 í borginni í fyrsta skipti í sex mánuði. Í heiminum öllum hafa verið gefnir meira en 546 milljónir skammtar af bóluefni í 141 landi.

COVID-19 Engin dauðsföll voru skráð af völdum COVID-19 í Lundúnum fyrradag en það var í fyrsta sinn í sex mánuði sem dauðsföll af völdum sjúkdómsins voru engin í borginni. BBC greinir frá.

Þegar kórónaveirufaraldurinn stóð sem hæst í Lundúnum í apríl í fyrra létust að meðaltali 230 einstaklingar af völdum COVID-19 í borginni á hverjum degi.

Tólf prósent af öllum dauðsföllum vegna COVID-19 í Bretlandi hafa verið í Lundúnum, og hefur staða faraldursins hvergi verið verri í landinu en þar. Nýjum tilfellum í Lundúnum hefur þó fækkað töluvert síðustu vikurnar og er nú langt undir meðaltali miðað við það sem áður var. Alls hafa yfir 4,3 milljónir manna smitast af veirunni í Bretlandi öllu og rúmlega 126 þúsund manns hafa látið lífið vegna hennar í landinu.

Bólusetningar í Bretlandi ganga afar vel sem er ástæða þess að faraldurinn er á hraðri niðurleið í landinu. Í fyrradag náðist sá áfangi að 30 milljónir Breta hafa nú að minnsta kosti fengið fyrri skammtinn af bóluefni. Þetta jafngildir 57 prósentum allra fullorðinna í landinu.

14,5
milljónir skammtar af bóluefni eru gefnir daglega í heiminum að meðaltali.

Í heiminum öllum hafa verið gefnir meira en 546 milljónir skammta af bóluefni í 141 einu landi. Að meðaltali eru gefnir um það bil 14,5 milljónir skammta á hverjum degi.

Í Bandaríkjunum eru nú þeir einstaklingar sem hafa fengið skammt af bóluefni fleiri en þeir sem smitast hafa af veirunni þar í landi. 143 milljónir bóluefnaskammta hafa verið gefnar í Bandaríkjunum en þar hefur greinst tæplega 31 milljón tilfella af COVID-19.

Í Bandaríkjunum hafa yfir 562 þúsund manns látið lífið og í gær voru tæpar sjö milljónir manna þar í landi með virkt COVID-19 smit.

Flest greind tilfelli á heimsvísu eru í Bandaríkjunum, því næst í Brasilíu, rúmlega 12,5 milljónir talsins, og svo í Indlandi, um tólf milljónir tilfella. Mikill munur er á fjölda tilfella í Indlandi og í Frakklandi sem er það land sem því næst hefur greint hvað mestan fjölda tilfella en þar eru þau rúm 4,5 milljónir talsins.

Á Norðurlöndunum hafa langflest tilfelli verið staðfest í Svíþjóð, yfir 780 þúsund talsins, og því næst í Danmörku, 228 þúsund. Í Noregi er fjöldi tilfella kominn yfir 93 þúsund og í Finnlandi eru þau rúmlega 76 þúsund.

Enn eru nokkur lönd í heiminum þar sem einungis nokkur tilfelli veirunnar hafa greinst. Á Marshall-eyjum hafa greinst fjögur tilfelli COVID-19, á bæði Samóa og á Vanúatú hafa greinst þrjú tilfelli og í Míkrónesíu hefur einungis greinst eitt tilfelli.

Alls hafa greinst tæplega 128 milljónir tilfella af COVID-19 í heiminum en fyrsta tilfellið greindist í nóvember árið 2019. Síðan þá hafa verið skráð nærri 2,8 milljónir dauðsfalla af völdum sjúkdómsins.

birnadrofn@frettabladid.is
urdur@frettabladid.is

Þúsundir flýja blóðbaðið í Mjanmar

MJANMAR Mótmælendur héldu aftur út á götur Mjanmar í gær eftir blóðug átök við lögregluna um helgina.

Að minnsta kosti 114 létust í mótmælunum á laugardaginn, þar á meðal voru nokkur börn. Samkvæmt tölum frá hjálparsamtökum fyrir pólitíska fanga hafa að minnsta kosti 462 látist frá valdatöku hersins í byrjun febrúar.

Eftir átökin um helgina skrifuðu forsvarsmenn stærstu mótmælendahreyfingarinnar opið bréf til minnihlutahópa í landinu þar sem þeir voru hvattir til að standa gegn kúgun herstjórnarinnar.

Þá hafa þúsundir flúið land vegna ofbeldisins, þar á meðal íbúar við landamærin sem flúðu til Taílands eftir loftárásir hersins. Forsætisráðherra Taílands lýsti áhyggjum yfir vandanum og vonaðist til þess að hann yrði leystur innan landamæra Mjanmar. Taíland væri ekki í stakk búið til að taka á móti svo mörgum flóttamönnum.

Á fimmta hundrað hafa látist síðan mótmælin hófust í byrjun febrúar.

„Fjöldi fólks hefur verið drepinn í algjöru tilgangsleysi.
Joe Biden Bandaríkjaforseti

Margir af leiðtogum heimsins hafa fordæmt ástandið í Mjanmar. „Ástandið er skammarlegt, fjöldi fólks hefur verið drepinn í algjöru tilgangsleysi,“ sagði Joe Biden Bandaríkjaforseti.

Sameinuðu þjóðirnar hafa hótað herstjórninni refsiaðgerðum á borð við viðskiptabann ef ástandinu linni ekki en herstjórnin hefur sagt Mjanmar vant slíkum aðgerðum og að landið myndi aðlaga sig þeim. **– atv**

halló
„take away" og djúpar samræður



halló
snertilausar greiðslur

Priceless® – ómetanleg augnablik og öruggar greiðslur með Mastercard.

Óseld hugmynd

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Nú þegar við búum í fjórða sinn við hertar samkomutakmarkanir er ekki laust við að aðeins hafi dregið af mannskapnum sem fagnað hafði endurheimtu frelsinu.

Rétt eins og í fyrri skipti sýnist sitt hverjum um aðgerðir stjórnvalda og útfærslur þeirra. Er eðlilegt að þúsundir hópist saman við spúandi eldgíg en sé bannað að nýta sér skíðasvæði landsins? Hvað sem fólki finnst er víst að þau sem sitja uppi með ákvarðanirnar eru ekki öfundsverð af hlutskiptinu.

Viðbrögð leikskólakennara við takmörkunum sem settar voru á í liðinni viku hafa aftur á móti verið svolítið á skjön við restina. Á meðan helst er kvartað yfir hertum reglum og lokunum finnst þeim ekki nóg gert og hafa forsvarsmenn leikskólakennara og -stjóra birst í fjölmiðlum og kvartað yfir því að vinnustaðir þeirra skuli enn vera opnir.

Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla, sagði frá því í Silfrinu á RÚV um helgina að starfsfólk leikskóla væri bæði þreytt og hrætt við veiruna. Með fullri virðingu fyrir tilfinningum þeirra sem annast yngstu Íslendingana, held ég að það sama megi segja um stóran hluta þjóðarinnar.

Sigurður sagði að „selja þyrfti“ leikskólakennurum hugmyndina um að halda opnu. Um leið sagðist hann sjálfur hafa fundað með sóttvarnalækni sem hefði útskýrt ákvörðunina og fyrir henni haft góð og gild rök. Þórólfur Guðnason hefur ítrekað svarað ákalli leikskólastarfsfólks með því að smithætta sé ekki aukin hjá börnum á leikskólaaldri. Enn sé notast við sömu nálgun og gert hafi verið allan faraldurinn og ekki hafi komið fram vandræði í sambandi við hana.

Hvers vegna þykir starfsfólki leikskóla því áhættan of mikil núna? Getur ekki verið að yfirmenn þeirra hefðu átt að halda þeim betur upplýstum um staðreyndir mála – og „selja þeim“ betur hugmyndina um að óhætt væri að mæta til vinnu rétt eins og gert hafi verið allan faraldurinn?

Reynt hefur verið að gæta meðalhófsreglu í sóttvarnaaðgerðum og lokun leikskóla myndi þýða verulega mikla röskun á starfsemi í landinu. Heilbrigðiskerfið væri ein þeirra stofnana sem myndu finna fyrir högginu.

Gild rök verða að fylgja kröfu um lokun leikskóla. Þau hafa ekki komið fram. Aftur á móti virðist skorta á upplýsingagjöf til langþreytts starfsfólksins. Á tali forsvarsmanna þeirra virðist óttinn að miklu leyti snúast um hið nýja breska afbrigði, en samkvæmt upplýsingum frá Norðurlöndunum er ekki að merkja aukna smithættu hjá börnum undir sex ára aldri. Eins væri ekki úr vegi að koma leikskólastarfsfólki framar á forgangslista í bólusetningum. Alla vega að þau væru fremst í áttunda hópnum sem þau nú eru sett í ásamt fjölmörgum fleirum.

Að þessu hefðu stjórnendur leikskóla átt að vinna í stað þess að ala enn frekar á ótta starfsfólks síns og fara fram á að það sé sent heim fram yfir páska.

Við þurfum síst enn frekari lömun á atvinnustarfsemi í landinu.

Gild rök verða að fylgja kröfu um lokun leikskóla. Þau hafa ekki komið fram. Aftur á móti virðist skorta á upplýsingagjöf til langþreytts starfsfólksins.

Halldór

Frá degi til dags

Orðabókarskilgreining

Siðanefnd RÚV hefur verið kjöldregin fram og til baka á samfélagsmiðlum eftir að hafa úrskurðað Helga Seljan brotlegan við siðareglur starfsmanna meðal annars með því að nota ávarpið „gæskur“ í svari til forstjóra Samherja. Siðanefndin virðist í þessu tilfelli ekki hafa verið neitt sérstaklega ballanseruð þegar hún kvað upp sinn dóm og hefði til að byrja með getað flett „gæskur“ upp í orðabók og komist að því að þetta „ávarp til karls“ er talið ákaflega jákvætt og á sér meðal annars samsvörun í orðum eins og „vinur“ og „góði.“

Gosræflar

Gosgleðin í Geldingadölum er á köflum svo taumlaus að sumum og þá helst yfirvaldinu finnst nóg um þannig að fólk hefur verið beðið um að vera hvorki að staupa sig né mæta í stuttbuxum. Lögreglan hefur ekki enn gengið svo langt að skipta sér af líkamlegu atgervi gosóðra en það segist hins vegar harðlínuhægrimaðurinn Viðar Guðjohnsen hafa gert um helgina. Hann upplýsti hróðugur í símatíma Útvarps Sögu í gærmorgun að hann hefði náð að „boddísjeima“ nokkra unga menn sem fengu það óþvegið fyrir að sligast undan sjálfum sér þegar hann fann þá að niðurlotum komna við smitkaðalinn sem liggur að eldstöðinni.

toti@frettabladid.is

Matvælaframleiðsluklasi

Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður
Vinstri grænna

Tækifæri til að efla innlenda matvælaframleiðslu eru mýmörg. Okkur stjórnmálamönnum er tamt að halda því á lofti; þetta er nokkuð öruggur frasi ef við viljum slá um okkur. Hugmyndir og frasar eru ágæt til síns brúks, en ef hugur fylgir máli er best að grípa til aðgerða. Með það að leiðarljósi hef ég lagt fram þingmál sem skilar sér í stofnun matvælaframleiðslu- og menntunarklasa á Árborgarsvæðinu sem ég hvet fólk til að kynna sér.

Heimsfaraldur og loftslagsvá hafa sýnt fram á nauðsyn þess að hvert samfélag sé sem sjálfbærast. Því skiptir máli að nýta sem best þau tækifæri sem hér bjóðast með sjálfbærni að leiðarljósi. Í því samhengi er mikilvægt að stuðla að og styrkja starfsemi í geiranum og efla menntun sem næst þeim svæðum þar sem framleiðslan fer fram.

Suðurland er blómlegt matvælaframleiðsluhérað. Þar fer stór hluti grænmetisframleiðslu landsins fram, enda aðstæður sérstaklega góðar hvað jarðhita varðar og stutt er á helsta markað. Kornrækt er mikil og tækifæri til að efla hana mýmörg. Garðyrkjuskólinn að Reykjum hefur verið vagga íslenskrar garðyrkju áratugum saman og einbeitir sér að nýta aðstöðu og búnað að Reykjum í tengslum við matvælaframleiðsluklasa. Í Gunnarsholti eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á ýmiss konar ræktun sem nauðsynlegt er að verði hluti af samstarfi um klasann. Mjólkurframleiðsla er öflug á svæðinu enda landkostir miklir hvað hana varðar.

Efla þarf það góða starf sem þegar er unnið víða í geiranum. Svo hægt sé að efla kornrækt til manneldis, sem er ákaflega mikilvægt til þess að styrkja fæðuöryggi landsins, þarf að stunda yrkjaprófanir með reglubundnum hætti. Sú starfsemi getur ekki sótt í nýsköpunarsjóði þar sem nýnæmi yrkjaprófana er takmarkað og ætti að teljast til grunnrannsókna sem væru fjármagnaðar sem slíkar af fjárlögum.

Klasi um matvælaframleiðslu og menntun yrði samstarfsverkefni fjölmargra. Þetta er þjóðþrifamál sem þarf að komast til framkvæmda sem fyrst.

Þetta er þjóðþrifamál sem þarf að komast til framkvæmda sem fyrst.

ICEWEAR ICELAND

SALEWA Ultra Train 18 BP
Kr. 12.990.-

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-

KLETTUR Húfa
Kr. 2.490.-

SALEWA
WS MTN Trainer Shoes
Kr. 28.990.-

Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

SALKA
Göngubuxur
Kr. 9.990.-

LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-

ASOLO
Angle GV
Kr. 25.990.-

FUNI Dúnúlpa
Kr. 33.990.-

GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-

HVÍTANES
Merínó lambhúshetta
Kr. 4.990.-

REYNISFJARA
Göngustafir
Kr. 9.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Viglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Fíll iðnrekenda

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Samtök iðnaðarins (SI) glöddu landsmenn fyrir stuttu með sérriti Mbl. sem dreift var í hús a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Ritið, ásamt öðrum útgáfum samtakanna, er hugsað sem hvatning til þjóðarinnar til að efla nýsköpun og láta einskis ófreistað að fá erlend fyrirtæki til landsins. Þar er mikið talað um nýsköpun, starfsumhverfi og eftirsótt hálaunastörf í nýjum atvinnugreinum, allt í nafni aukinnar verðmætasköpunar sem sókn til betri lífskjara. Talað er um að markaðssetja Ísland sem nýsköpunarland og beina því sérstaklega að erlendum fjárfestum, frumkvöðlum og erlendum sérfræðingum. Einnig er minnt á að stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi sé ein lykilforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og góðra lífskjara.

Hverra hagsmuna eru SI að gæta? Allt satt og rétt en hvernig er hægt að gefa út bækling um allt það brýna sem þörf er á til að standa fyrir framförum í iðnaði án þess að minnast á þær hindranir sem fólgnar eru í því að búa við íslenska krónu? Hvaða hagsmuni eru SI eiginlega að verja með því að þykjast ekki sjá fílinn sem fyllir út í skrifstofur þeirra? SI eru einu samtök sambærilegra systursamtaka í nágrannalöndunum sem hafa ekki á stefnuskrá sinni aðild að ESB.

Í ritinu er spurt hvort Ísland ætti að fara sömu leið og Malta og laða til landsins fjölbreyttan hátækniiðnað. Greint er frá ákvörðunum stjórnvalda á Möltu sem réðist í „metnaðarfulla stefnumótun fyrir þetta litla land“ í því skyni til að fá þangað hátækniiðnað með mikla framlegð og sem gerir kröfu um hátt menntunarstig. Forsendan fyrir þessu átaki hjá Möltu var innganga landsins í ESB og upptaka evru en samt dugir þessi frásögn ekki til að SI dragi af því viðeigandi ályktanir fyrir Ísland. Því miður er það svo að ákall SI um samkeppnishæfni er í besta lagi hlægilegt á meðan iðnrekendur þora ekki að taka afstöðu til ESB og evrunnar. Samtök Iðnaðarins verða að taka sig á og sýna meiri metnað og sjálfstæði ef þau ætlast til að vera tekin alvarlega.

Samtök Iðnaðarins verða að taka sig á og sýna meiri metnað og sjálfstæði ef þau ætlast til að vera tekin alvarlega.

Varða á veginum

Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Gott menntakerfi er grundvöllur þess að samfélag geti þróast í takt við áskoranir hvers tíma og að atvinnulífið standist alþjóðlegt samkeppnisumhverfi. Alþingi samþykkti nýlega í fyrsta sinn menntastefnu frá menntamálaráðherra, tekur hún fyrir tímabilið 2020-2030. Umsagnaraðilar voru einróma um að gott væri að stefnan væri komin fram.

Við gerð innleiðingaráætlunar er mikilvægt að horfa til allra fimm stoða menntakerfisins, þ.e. leik-, grunn- og framhaldsskóla og sí- og endurmenntunar. Menntakerfið verður að vera til þess gert að hægt sé að tryggja að vinnandi fólk geti aukið hæfni sína til að fylgja ákalli atvinnulífsins um þekkingu og hæfni starfsfólks. Menntun kostar peninga og því er það þjóðhagslega verðmætt að menntunin skili sér til uppbyggingar samfélagsins. Við þurfum að vera markvissari á þessu sviði og kortleggja menntunar- og færniþörf til að bæta samspil menntakerfis og vinnumarkaðar. Nauðsynlegt er að fyrir liggi góð þekking, greining eða mat á starfstækifærum í einstökum fögum, greinum og starfssviðum til nokkurra ára og munu færnispár nýtast í öllu skóla- og fræðslustarfi.

Tækifæri til náms eiga að vera þau sömu alls staðar á landinu og fyrir alla hópa þjóðfélagsins. Tæknin gerir okkur kleift að mæta ólíkum þörfum fólks. Hún getur nýst til að skapa aukin tækifæri til menntunar á landsbyggðinni, aukið aðgengi fatlaðs fólks og þeirra sem þurfa óhefðbundnari nálgun í námi. Við eigum að sjálfsögðu að efla nám án staðsetningar og með aukinni stafrænni námsgagnaútgáfu á öllum skólastigum verður auðveldara að uppfæra námsgögnin í takt við tímann.

Aðsókn hefur aukist í kennaranám en á sama tíma er ekki næg endurnýjun í stéttinni. Fyrir því eru margar ástæður. Ein þeirra er starfsumhverfi kennara, sem er oft krefjandi. Létta mætti álagi af kennurum og bæta þjónustu við nemendur með því að styrkja stöðu annarra fagstétta í skólum eins og félagsráðgjafa, sálfræðinga, iðjuþjálfa o.s.frv. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að þroskapróf verði endurskoðuð og uppfærð í takt við tímann. Nú er staðan sú að engin stofnun ber ábyrgð á útgáfu þroskaprófanna sem eiga að meta hvort og hvaða stuðning börn þurfa að fá.

Menntastefnan er fyrsta skrefið á langri vegferð. Góðar innleiðingaráætlanir, samráð, styrk verkstjórn og fjármögnun verkefna er það sem mun skila okkur alla leið.

Áfram veginn!



Páskaegg í úrvali

30% afsláttur af erlendum páskaeggjum*

*Takmarkað magn. Mesta úrval í Skeifunni og Garðabæ.

Páskakonfekt frá Hamlet

Hamlet súkkulaði húðaðir sykurpúðar

Hamlet páskakonfekt

Hamlet súkkulaðifígúrur

30% afsláttur af Hamlet

Vegan hátíðarmatur í úrvali

Hagkaup Hnetusteik

1.799 kr/pk

Hagkaup Villisveppasósa

979 kr/stk

Jömm Oumph! Wellington

1.599 kr/stk

Junkyard Gravy

1.199 kr/stk

Junkyard Neat-Loaf

3.399 kr/stk

Opið alla páskana allan sólarhringinn í Skeifunni og Garðabæ
Sjá nánar á hagkaup.is

Tilboð gilda út 5. apríl

Meira sælkera

Tilbúin kalkúnasósa
Þarf aðeins að hita

579 kr/stk

Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Waldorf salat

699 kr/pk

Hagkaups fyllt hátíðarlæri

Úrbeinað lambalæri fyllt með góðgæti.
3 tegundir: Döðlur og gráðaostur - Fíkjur, engifer og kanill - Camembert

Hátíðarsósa

499 kr/stk

Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

HAGKAUP

Sara gæti leikið í fyrstu útgáfu HM félagsliða í kvennaflokki með Lyon.

Áhugi fyrir HM félagsliða í kvennaflokki

FÓTBOLTI Formaður samtaka félagsliða í Evrópu, Charlie Marshall, segir að það sé áhugi innan Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, á að setja á laggirnar HM félagsliða í kvennaflokki. Samtökin kynntu nýja stefnu í gær um framtíðaráform í kvennaknattspyrnu þar sem meðal annars er rædd hugmyndin um keppni á borð við Evrópudeildina í kvennaflokki.

Búið er að boða breytingar á Meistaradeild Evrópu fyrir næsta tímabil en samtökin vilja skoða möguleikann á að bæta við annarri Evrópukeppni líkt og Evrópudeildin er í karlaflokki.

Þegar Marshall var spurður út í möguleikann á að það yrði HM félagsliða, líkt og þekkist í karlaflokki, staðfesti hann að það væri áhugi fyrir því.

„FIFA hefur lýst yfir verulegum áhuga á að sú hugmynd verði að veruleika.“ **– kpt**

PSG berst gegn hlýnun jarðar

FÓTBOLTI Franska stórveldið PSG varð í gær fyrsta franska félagið til að styðja við bakið á átaki Sameinuðu þjóðanna um að íþróttir verði umhverfisvænni í von um að hægja á hnattrænni hlýnun. Áður höfðu félög á borð við Arsenal og Juventus gengið til liðs við málstaðinn.

Umhverfissamtökin Greenpeace gagnrýndu PSG þegar félagið notaði einkaþotu fyrir 180 kílómetra ferðalag fyrr á þessu ári fyrir leik. Félagið brást við með því að nota rútu til að ferja leikmennina aftur til Parísar.

PSG skuldbindur sig til þess að hætta að nota einnota plast og tryggja að hægt sé að flokka rusl á leikvöngum félagsins. **– kpt**

Bara ein leið til þess að svara fyrir þessa leiðindaumræðu

Byrjunin á undankeppni HM 2022 hefur ekki verið eins og best verður á kosin hjá Íslandi. Vitað var að verkefnið yrði strembið þegar íslenska liðið myndi mæta Þjóðverjum en tapið gegn Armeníu svíður. Arnar Gunnlaugsson segir margt mega læra af síðustu dögum en nú verði að svara inni á vellinum.

FÓTBOLTI Skjótt skipast veður í lofti og vika er langur tími í pólitík eru orðatiltæki sem notuð eru þegar miklar vendingar verða og þau eiga svo sannarlega við um málefni íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu þessa stundina.

Strákarnir okkar liggja undir mikilli gagnrýni eftir tap liðsins gegn Armeníu í Jerevan á sunnudagskvöldið og umræðan eftir leikinn beindist að mismunandi túlkun forsvarsmanna KSÍ og Vålerenga á því hvort Viðar Örn Kjartansson hefði komið til greina í landsliðsgluggann eða ekki.

Bent var á það fyrir leikina gegn Þýskalandi og Armeníu að innan leikmannahópsins væru ekki margir leikmenn á skotskónum þessa dagana með félagsliðum sínum eða með gott markahlutfall með landsliðinu í gegnum tíðina.

Þjálfararnir Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen töldu þessar áhyggjur óþarfar. Mörkin gætu komið hvaðan sem er úr hópnum og hlutverk framherja væri ekki eingöngu að skora mörk.

Eftir tvo markalausa leiki og þá sérstaklega vonbrigðin yfir að hafa ekki náð að brjóta varnarmúr armenska liðsins á bak aftur fengu þessar áhyggjuraddir byr undir báða vængi.

„Mér finnst núna vera að koma í ljós að það eru kostir og gallar við það að ráða reynsluminni þjálfara. Ég var á því að það væri rétti kosturinn að ráða Arnar Þór Viðarsson og Eið Smára Guðjohnsen með Lars Lagerbäck þegar það var gert og ég er enn á þeirri skoðun að þeir séu rétta teymið til þess að stýra liðinu,“ segir Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfari karlaliðs Víkings í knattspyrnu, um stöðu mála.

„Það þurfa hins vegar allir að læra af þessum landsliðsglugga. Fótboltaheimurinn er orðinn breyttur og þar á meðal er fjölmiðlaheimurinn sem er orðinn hraðari og skoðanir eiga greiðari leið að þeim sem þær vilja heyra.

Það hefði mátt tækla ýmsa hluti betur síðustu dagana þó að það þurfi ekki að elta allar slúðursögur sem koma upp á yfirborðið. Nú er bara að læra af þessu og halda áfram. Mér finnst að það hefði mátt styðja Arnar Þór betur svo hann gæti einbeitt sér að því að þjálfa liðið,“ segir Arnar enn fremur.

„Hvað knattspyrnuna varðar þá finnst mér við hafa lært af þessum leikjum að 4-1-4-1 leikkerfið hentar Aroni Einar Gunnarssyni ekki vel og að mínu mati væri betra að spila með tvo djúpa miðjumenn.

Þá finnst mér vera of langt á milli lína bæði þegar við verjumst og sækjum hratt í kjölfar þess að við vinnum boltann á góðum stöðum. Þetta gerir liðið berskjaldað fyrir skyndisóknum og uppspilið verður erfiðara. Svo finnst mér pressan ekki nægilega skilvirk og vel skipulögð,“ segir þjálfarinn.

Nokkur forföll hafa orðið í síðustu tveimur leikjum en Albert Guðmundsson verður í leikbanni þegar íslenska liðið mætir Liechtenstein annað kvöld. Rúnar Már Sigurjónsson fór meiddur af velli í tapinu gegn Þjóðverjum, Ragnar Sigurðsson meiddist í upphitun fyrir leikinn gegn Armeníu og Jóhann Berg Guðmundsson og Kolbeinn Sigþórsson eru tæpir vegna meiðsla.

„Nú reynir á aðra leikmenn að grípa tækifærið og spila vel á móti Liechtenstein. Ég hef trú á því að Willum Þór Willumsson geti sem dæmi skilað hlutverkinu sem miðjumaður með Aroni Einari. Svo finnst mér alveg mega leika sér með leikkerfið líka og skipta um leikkerfi ef að við höfum ekki leikmenn sem henta í það leikkerfi sem hugsunin var að spila fyrir fram.

Spila með falska níu eða brjóta upp mynstrið með einhverjum hætti. Það er bara ein leið til þess að svara fyrir þessa leiðindaumræðu. Það er inni á vellinum, með sannfærandi spilamennsku og hagstæðum úrslitum í leiknum á morgun,“ segir Skagamaðurinn.

hjorvaro@frettabladid.is

Jón Daði Böðvarsson komst næst því að brjóta ísinn fyrir Ísland í Jerevan en skot hans var varið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Það hefði mátt tækla ýmsa hluti betur síðustu dagana þó að það þurfi ekki að elta allar slúðursögur sem koma upp á yfirborðið.**
>
> Arnar Bergmann Gunnlaugsson

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 30. mars 2021

Vissu ekki sjálfir að þeir væru svona

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar var fjöldi samkynhneigðra íslenskra karla í leynilegum ástarsamböndum við erlenda hermenn í hernámsliðinu en eftir þetta varð til vísir að samfélagi samkynhneigðra. **2**

Særún hefur rannsakað sögu samkynhneigðra karla á Íslandi og leynileg ástarsambönd þeirra við erlenda hermenn á hernámsárunum. Hún segir að eftir seinna stríð hafi samkynhneigðir karlar hér á landi byrjað að finna hver annan og þá hafi fyrsti vísir að samfélagi þeirra orðið til. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Særún Lísa Birgisdóttir hefur rannsakað sögu samkynhneigðra karla sem voru í nánum samböndum við erlenda hermenn á hernámsárunum. Á þessum tíma höfðu margir Íslendingar miklar áhyggjur af menningaráhrifunum sem fylgdu því að ungar konur væru að hitta erlenda hermenn og töldu þetta vandamál sem var kallað „ástandið“, en enginn vissi að karlar væru að gera það sama. Særún rannsakaði þetta fyrirbrigði og hefur flutt fyrirlestra um viðfangsefnið sem heita „Hommarnir á höfninni“, en hún er einnig að vinna bók um efnið.

„Ég er þjóðfræðingur að mennt og útskrifaðist árið 2012,“ segir Særún. „Ég var að skoða menningu samkynhneigðra á Íslandi í skólaverkefni og þá sagði einn viðmælandi við mig: „Þetta var eins og strákarnir í ástandinu.“ Mér fannst þetta merkilegt og kennari minn sagði að þetta væri hægt að skoða nánar. Niðurstaðan varð sú að þetta varð BA-verkefnið mitt, sem heitir „Hættiði þessu fikti strákar!“ og er aðgengilegt á Skemmunni.

Ég fór á stúfana og komst í tæri við Þóri Björnsson, sem er látinn núna. Hann var nýræður og hafði aldrei verið í felum með samkynhneigð sína og hann var tilbúinn til að segja mér frá þessu tímabili,“ segir Særún. „Hjá honum fékk ég svo nöfn fleiri einstaklinga sem ég hafði samband við og þannig rúllaði þetta. Ég hélt svo áfram með þetta í meistaranáminu en þar fór ég að skoða menningu samkynhneigðra út frá þjóðsögum og Íslendingasögum og fór að skoða þöggunina í gegnum aldirnar.“

Átti ekki að hafa gerst

„Það er rosalega lítið af heimildum til um samkynhneigð sambönd við dáta hér á landi. Það ríkti ofboðsleg þöggun og þetta átti ekki að hafa verið til eða gerst. Fólk vissi ekki af þessu og „samkynhneigð var ekki til á Íslandi“,“ segir Særún. „Þeir strákar sem fundu sinn farveg í hernáminu vissu ekki einu sinni sjálfir að þeir væru svona. Þeim leið illa og þeir vissu ekki hvar þeir áttu að staðsetja sig en fengu loks frelsi og uppgötvuðu að það eru til aðrir eins og þeir. Eftir þetta fóru samkynhneigðir menn að finna hver annan hér á landi og fatta að þeir voru ekki einir í heiminum svo fyrsti vísirinn að samfélagi samkynhneigðra kom fram.

Það komst ekki upp ef þú varst með hermanni, vegna þess að ef það kæmist upp um þá yrðu þeir reknir úr hernum með skömm, svo það var rosaleg leynd yfir öllu,“ segir Særún. „Það hefur einn maður verið dæmdur á Íslandi fyrir samkynhneigð og það var árið 1924, en þá var Guðmundur Hofdal, glímukappi sem var fánaberi fyrir Ísland á Ólympíuleikunum, dæmdur fyrir samneyti við aðra karlmenn. Það er eina löggregluskýrslan sem hefur fundist.

Íslensku karlarnir vildu því örugglega ekki láta góma sig, en lögin sem Guðmundur var dæmdur fyrir að brjóta voru samt fallin úr gildi,“ segir Særún. „En þessu fylgdi skömm. Þórir sagði að hann vissi að hann væri að gera eitthvað rangt, en hann hefði samt gert það og hann vissi ekki hvað var rangt við þetta. Hann var líka í raun hálfgerður krakki, bara 15-16 ára, þegar hann var að hitta erlenda hermenn.“

Heimildarmenn Særúnar sögðu henni að á ástandsárunum hefði ríkt karnival-stemning þar sem allt mátti og fólk sleppti alveg fram af sér beislinu. Hún segir áhugavert að skoða þessa stemningu og hvers vegna hún var við lýði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á þessari mynd sést breskt herlið koma til Reykjavíkurhafnar árið 1940. Ekki er vitað hvenær íslenskir karlar byrjuðu að hitta þá leynilega en ljóst er að það hófst mjög fljótlega eftir að dátarnir komu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Datt ofan í konfektkassa

„Íslensku strákarnir hittu erlenda hermenn á bar niðri á höfn og á djamminu, til dæmis á Hótel Borg og dansleikjum,“ segir Særún. „Það er í raun merkilegt hvernig þeir römbuðu hver á annan, en viðmælendurnir mínir sögðust vera með sérstakan „gaydar“ sem væri ekki hægt að útskýra.

En það var enginn að pæla í þessu. Þórir fór með vinkonum sínum á djammið og sumar þeirra vissu af þessu, en engin sagði neitt,“ segir Særún. „En leyndin var mikil. Þórir var til dæmis um tíma alltaf sóttur af herlækni á hverju kvöldi og svo keyrður heim og leystur út með gjöfum, sem hann þorði ekki annað en að fela fyrir mömmu sinni í gömlum skúr fyrir utan heimilið.

Þarna var fullorðinn læknir í kynferðislegu sambandi við 15-16 ára gamlan strák og í dag væri þetta ekki kallað annað en barnaníð og misnotkun og mér fannst átakanlegt að heyra, en hann sagðist sjálfur hafa dottið ofan í konfektkassa,“ segir Særún. „Oft voru þetta ungir strákar, en hann var samt yngstur af þeim sem ég frétti af.“

Karnivalárin

Særún hefur ekki tölu á þeim körlum sem voru í samböndum við erlenda hermenn en samkvæmt heimildarmönnum hennar voru þeir frekar margir. „En mjög fáir þeirra komu svo út úr skápnum og lifðu sem samkynhneigðir menn út ævina,“ segir hún. „Margir kvæntust og eignuðust börn og svo var aldrei minnst einu orði á þetta framar.

Þórir og fleiri sögðu að á ástands-árunum hefði ríkt svona karnival-stemning, allt mátti og fólk sleppti alveg fram af sér beislinu. Þetta er áhugavert og eitthvað sem á eftir að skoða, bæði hvernig þessi stemning var og af hverju það mátti allt í einu allt,“ segir Særún. „Kannski var það vegna þess að allt var svo nýtt að fólk vissi varla hvaða reglur giltu lengur. Tónlist, matur, föt og allt annað var að breytast á ógnarhraða og fólk þurfti að finna sig í nýjum heimi. Fólk var liggur við að fara beint úr sauðskinnsskónum í brilljantínið.“

> **Eftir þetta fóru samkynhneigðir menn að finna hver annan hér á landi og fatta að þeir voru ekki einir í heiminum.**
>
> Særún Lísa Birgisdóttir

Kanar voru dannaðir

Særún segir að enginn viti nákvæmlega hvernig þetta byrjaði allt saman en að það hafi byrjað snemma. „Samkvæmt sögunum voru einhverjum mættir niður á höfn strax á fyrsta degi og þetta byrjaði mjög snemma eftir að Bretarnir komu,“ segir hún. „Þórir sagði svo það sama um muninn á Bretum og Bandaríkjamönnum og stelpurnar hafa sagt, að Bandaríkjamennirnir voru meira „elegant“. Hjá Bretunum hefði hann aldrei fengið þá þjónustu að vera sóttur og leystur út með gjöfum. Bandaríkjamennirnir voru flottari, kunnu sig betur og áttu meiri peninga.

Ég heyrði sögur af samböndum sem entust, en gat ekki sannreynt þær. Það voru sögur af því að einhverjir þrír eða fjórir hefðu farið út á eftir hermönnunum, en það voru kannski bara sögusagnir. Það eru líka engar sögur af einhverri mikilli ástarsorg,“ segir Særún. „Þórir átti samt kærasta sem var 23 ára, en það var fimm til sex ára aldursmunur á þeim. Þeir fóru í ferðalag og Þórir sýndi honum landið og kynnti hann fyrir ömmu sinni og afa norður í landi. Þetta var rómantísk ferð en engum datt í hug að þetta væri kærastinn hans og þeir ættu í eldheitu ástarsambandi, allir héldu að þeir væru bara vinir.“

Vísir að nýju samfélagi

„Þetta var svakalegt tabú og er það enn. Sumt af því fólki sem Þórir benti á og ég hafði samband við hálfpartinn hreytti í mig og skellti á þegar ég hringdi. Þetta var bara „vitleysa“ sem var aldrei talað um,“ segir Særún. „En eftir að herinn fór komu þessar sögur upp á yfirborðið og þá blossa upp fyrirsagnir á forsíðum blaðanna eins og „Kynvillufaraldur í Reykjavík“. Mánudagsblaðið og fleiri blöð voru mjög aðgangshörð og réðust á samkynhneigða og listamenn á sama tíma. Þeir áttu allir að sitja saman á Laugavegi 11 og það voru skrifaðar blaðagreinar um að fólk ætti að halda börnum frá Þjóðleikhúsinu því þar væru eintómir „kynvillingar“.

Í þessari fjölmiðlaumfjöllun var þessi „kynvilla“ líka alltaf tengd við erlend áhrif og á sama tíma kemur upp ofboðslega sterk þjóðerniskennd vegna óttans við þær hröðu breytingar sem voru að eiga sér stað þegar nútíminn ruddist inn í líf fólks,“ segir Særún. „En um leið var þetta samfélag samkynhneigðra að verða til. Þeir fóru að vita hver af öðrum og hittast á Laugavegi 11. Það var byrjunin á því að samfélag samkynhneigðra myndaðist á Íslandi.“

Þeir sem hafa áhuga á að fræðast nánar um ástandið hjá samkynhneigðum körlum geta haft samband við Særúnu í gegnum lisabirgisdottir@gmail.com og fengið fyrirlestur frá henni um efnið.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.

Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Svansvottun

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 30. mars 2021

Kynningar: Umhverfisstofnun, Fjarðaþrif, Kaffitár, AÞ-þrif

Mikil aukning í Svansvottuðum byggingum

Eftirspurn eftir Svansvottun bygginga hefur aukist gríðarlega undanfarin ár á Norðurlöndunum sem og á Íslandi. Umhverfisáhrif byggingargeirans eru ótvíræð en þó má sjá jákvæð teikn á lofti, svo sem í auknum áhuga og þekkingu íslenskra verktaka og birgja á umhverfisvottunum. **2**

Bergþóra Kvaran, sérfræðingur Svansins, og Elva Rakel Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Svansins á Íslandi, eru hér fyrir framan vottaða byggingu í Urriðaholti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bergþóra og Elva segja að Svansvottuðum húsum sé alltaf að fjölga á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Svansvottunin miðast einungis við bygginguna sjálfa og er mikil áhersla lögð á góða innivist, lága orkunotkun og gæðakerfi á byggingartíma. Mynd af raðhúsum Vistbyggðar í Urriðaholti.

Fyrsta Svansvottaða húsið á Íslandi. MYND/FINNUR SVEINSSON

Fyrstu Svansvottuðu endurbætur á skrifstofuhúsnæði á Norðurlöndunum voru hér á landi. Skrifstofa Umhverfisstofnunar í eigu Reita. MYND/REITIR

Árið 2017 reis fyrsta Svansvottaða nýbyggingin á Íslandi og eftir það fór boltinn að rúlla hérlendis. „Fyrsta húsið er einbýlishús í Urriðaholti sem byggt var af Finni Sveinssyni og var það ákveðið frumkvöðlaverkefni og fyrsta kynning byggingargeirans hérlendis af viðmiðum Svansins fyrir nýbyggingar. Síðan þá hefur verið veldisvöxtur í nýjum umsóknum um Svansvottuð verkefni. Í dag er einungis tveimur verkefnum á Íslandi lokið en þar undir eru 35 íbúðareiningar. Þá eru rúmlega 40 einingar í viðbót í byggingu eins og er, og mörg verkefni að bætast við þessa dagana þar sem bygging er ekki hafin," segir Bergþóra Kvaran, sérfræðingur Svansins.

„Þegar byggt er eftir viðmiðum Svansins er áherslan fyrst og fremst á að minnka neikvæð áhrif á umhverfið, en byggingariðnaðurinn er sá iðnaður sem losar mest af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu. Einnig er mikil áhersla lögð á að draga úr skaðlegum efnum sem notuð eru í byggingum til þess að tryggja betri innivist fyrir íbúa eða aðra notendur byggingarinnar. Með því að draga úr skaðlegum efnum eru auknar líkur á að hægt verði að endurnota eða endurvinna efnin við lok líftíma byggingar. Þannig styðja kröfur Svansvottunar líka við hringrásarhagkerfið," segir hún.

Viðmið Svansins fyrir einstaka vöruflokka, svo sem nýbyggingar og endurbætur húsnæðis, eru endurskoðuð reglulega og hert. Þetta tryggir að kröfurnar sem við setjum byggi á nýjustu vitneskju og taki tillit til þróunar á markaðnum.

Hagrænir hvatar styðja við umhverfisvottaðar framkvæmdir

„Enn sem komið er hafa einungis verið byggð Svansvottuð íbúðarhúsnæði hér á landi en til stendur að byggja fyrsta Svansvottaða grunnskólann, Kársnesskóla, og er Kópavogsbær þannig fyrsta sveitarfélagið sem sækir um Svansvottun fyrir framkvæmd á vegum sveitarfélagsins," segir Bergþóra og bætir við að sveitarfélögin spili stórt hlutverk þegar kemur að umhverfisvottuðum byggingum og hafa ýmis tækifæri til að greiða götu slíkra verkefna. „Bæði með því að leggja sjálf áherslu á vottanir í sínum framkvæmdum en líka með því að beita hagrænum hvötum. Til að mynda veitir Hafnarfjarðarbær nú afslátt af lóðarverði fyrir Svansvottaðar byggingar og byggingar með BREEAM-vottun."

Góðir hvatar

„Það hefur einnig færst í aukana að fjármálastofnanir séu með hagræna hvata sem styðja við umhverfisvottaðar framkvæmdir, þar má nefna bæði betri lánakjör fyrir framkvæmdaaðila og niðurfelling lántökugjalda fyrir einstaklinga sem kaupa vottað íbúðarhúsnæði," segir Elva Rakel Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Svansins, og bætir við að með vorinu klárist fyrsta verkefnið utan höfuðborgarsvæðisins þar

> **Sveitarfélögin spila stórt hlutverk þegar kemur að umhverfisvottuðum byggingum og hafa ýmis tækifæri til að greiða götu slíkra verkefna.**
>
> Bergþóra Kvaran

sem Faktabygg er að klára parhús fyrir Þingeyjarsveit sem er staðsett á Stóru-Tjörnum. „Einnig komu í þessum mánuði fyrstu Svansvottuðu íbúðirnar á almennan markað, en þar er um að ræða 16 íbúðir í raðhúsum í Urriðaholti sem Vistbyggð stendur á bak við. Við hjá Umhverfisstofnun sjáum einnig aukinn áhuga frá stórum byggingarverktökum á að taka uppbyggingu heilla íbúðahverfi í gegnum vottunina þannig að þróunin hérna heima er bara rétt að byrja," segir hún. Dæmi um slíkt verkefni er nýi miðbæjarkjarninn á Selfossi, en þar mun allt íbúðarhúsnæði vera Svansvottað og allt annað rými fylgja viðmiðum Svansins í einu og öllu.

Veldisvöxtur á Norðurlöndunum

Í nýrri tölfræði frá Norrænni umhverfismerkingu sést skýr þróun í umfangi Svansvottaðra bygginga en það hefur þrefaldast frá byrjun janúar 2018 til janúar 2021. Í dag eru um 18.000 Svansvottaðar byggingar á Norðurlöndunum og um 31.000 til viðbótar í byggingu. Á Íslandi hefur málaflokkurinn líka stækkað mjög hratt síðustu misseri og mörg stór verkefni eru í farvatninu. Þá hefur áhuginn einnig aukist umtalsvert og fyrirspurnum fjölgar hratt til Umhverfisstofnunar varðandi umhverfisvottaðar nýbyggingar og endurbætur.

Hvað er það sem einkennir Svansvottaða byggingu

Auk þess sem Svansvottaðar byggingar hafa góð áhrif á umhverfið er einnig lögð áhersla á:

- Strangar kröfur um innihald skaðlegra efna í bygginga- og efnavöru.
- Góða innivist þar sem kröfur eru gerðar til dagsbirtuhönnunar, loftræsingu, rakamælinga o.fl.
- Lægri orkunotkun.
- Krafa um að nota við úr sjálfbærri skógrækt.
- Gæðakerfi á byggingartímanum.

Svansvottunin miðast einungis við sjálfa bygginguna og geta eftirfarandi tegundir húsnæðis fengið vottun: Fjölbýlishús, einbýlishús, þjónustuíbúðir aldraða, frístundahús, grunnskólar og leikskólar

Svanurinn hefur einnig gefið út viðmið fyrir endurbætur á húsnæði sem nær yfir sömu tegundir ásamt skrifstofuhúsnæði. Fyrsta endurbótaverkefnið á Norðurlöndunum var einmitt á Íslandi, en Reitir fasteignafélag luku við vottaðar endurbætur á skrifstofurými Umhverfisstofnunar í september 2020.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 6944103. | Veffang: frettabladid.is

KRÓNAN

Nú eru allar Krónuverslanir Svansvottaðar!

Krónan umhverfið

Svansvottun er opinbert og vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum sem er meðal annars með það markmið að lágmarka umhverfisleg áhrif á neyslu og framleiðslu vara.

Kröfur Svansins fyrir dagvöruverslanir ná yfir umhverfisþætti í rekstri verslana, svo sem matarsóun og flokkun úrgangs, orkunotkun, og framboð lífrænna og umhverfisvottaðra vara.

Hversu græn snilld er það?

Pssst ... kynntu þér málið betur á kronan.is/tilkynningar

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Opinbert umhverfismerki Norðurlandanna

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem komið var á fót af Norrænu ráðherranefndinni árið 1989. Meginmarkmið Svansins er að draga úr umhverfisáhrifum af vörum eða þjónustu og auðvelda neytendum að velja umhverfisvænni kosti.

Á Íslandi er Umhverfisstofnun umsjónaraðili Svansvottunarinnar og vinnur náið með skrifstofum Svansins á öllum Norðurlöndunum. Svansmerkið er lífsferilsmerki sem þýðir að í allri viðmiðaþróun er leitast við að hanna kröfur sem taka á öllum lífsferli vörunnar eða þjónustunnar sem um ræðir.

Kröfur Svansins tryggja að vottuð vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna, með því að:

- skoða allan lífsferilinn og skilgreina helstu umhverfisþætti
- setja strangar kröfur um helstu umhverfisþætti sem skilgreindir hafa verið svo sem; efnainnihald og notkun skaðlegra efna, flokkun og lágmörkun úrgangs, orku- og vatnsnotkun, og gæði og endingu
- passa að þekkt hormónaraskandi og ofnæmis- eða krabbameinsvaldandi efni séu ekki notuð
- herða kröfurnar reglulega þannig að Svansvottaðar vörur og þjónusta séu í stöðugri þróun



Til þess að vara eða þjónusta geti hlotið Svansvottun verður norræni Svanurinn að hafa mótað sértækar kröfur fyrir viðkomandi vöru- eða þjónustuflokk. Í dag eru viðmiðaflokkarnir 59 talsins. Svanurinn er umhverfismerki af Týpu 1 samkvæmt ISO 14024 umhverfisvottunarstaðlinum og er einn af stofnmeðlimum Global Ecolabelling Network.

Í dag þekkja tæplega 90% Íslendinga Svaninn samkvæmt nýlegri neytendakönnun. Þekkingin hefur aukist mjög hratt síðustu ár og er nú á pari við hin Norðurlöndin.

Svansvottun er fyrst og fremst skýr og metnaðarfull leið fyrir fyrirtæki að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið með kerfisbundnum hætti.

Svanurinn gerir ríkar umhverfiskröfur til þeirra sem sækjast eftir Svansvottun og þeim kröfum þarf að viðhalda til að missa ekki vottunina.

Svanurinn er líka sterkt verkfæri til þess að skapa sér sérstöðu á samkeppnismarkaði. Sú ímyndarsköpun sem fylgir Svansvottun getur laðað að sér ekki einungis nýjan kúnnahóp heldur einnig starfsfólk sem hefur metnað fyrir umhverfismálum.

Svanurinn getur því verið leið til þess að auka skilning á umhverfisþáttum rekstursins sem hefur yfirleitt í för með sér rekstrarsparnað þar sem innkaup eru einfölduð og gerð skilvirkari.



FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

13. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 30. mars 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson, Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson, Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland, Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson, Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen, Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir, Löggiltur fast.
Eggert Mariuson, Löggiltur fast.
Jón Óskar, Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðvíksdóttir, Löggiltur fast.
Ása Þöll Ragnarsdóttir, Skjalavinnsla/móttaka
Emil Tumi, Aðstoðarmaður fasteignasala
Herdís S. Jónsdóttir, Aðstoðarmaður fasteignasala
Bryndís Bára, Aðstoðarmaður fasteignasala

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta
Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Fjölskylduvænt með frábæru útsýni

Miklaborg kynnir fjölskylduvænt 278,6 fermetra einbýli með frábæru útsýni að Ekrusmára 16.

Glæsileg útsýn er til hafs og á Snæfellsjökul úr einbýlinu að Ekrusmára.

Gengið er inn á suðurhlið hússins frá rúmgóðu, hellulögðu plani, inn í forstofu með fatahengi. Þaðan er innangengt í 28 fermetra bílskúr með góðri lofthæð og geymslupalli. Á efri hæð hússins er aukin lofthæð. Komið er inn í stóra, bjarta og opna stofu og borðstofu með frábæru útsýni til sjávar og Snæfellsjökuls. Framan við stofu er eldhús sem lokast af með léttum veggbút en hægt er að opna eldhúsið, ef vill. Skemmtilegur eldhúskrókur er í gluggaútskoti. Úr stofu er gengið út á stórar vestursvalir með glæsilegu útsýni. Inn af stofu er sjónvarpsherbergi sem á samþykktum teikningum er hjónaherbergi. Þaðan er gengið út á litlar svalir til austurs og við hliðina á því er snyrting.

Á neðri hæð hússins eru fimm góð svefnherbergi. Þar hefur verið útbúin björt og skemmtileg útleiguíbúð með sér inngangi, forstofu, baðherbergi, svefnherbergi, stofu og opnu eldhúsi. Innangengt er í íbúðina í gegnum herbergi við hliðina. Ef það er notað með íbúðinni er hún um 56 fermetrar, en allt eins má nota það með aðaleign. Harðparket er á gólfum íbúðar.

Á neðri hæðinni er rúmgott hol með ýmsa möguleika, baðherbergi með baðkari, sturtu og glugga, þvottahúsi og geymslu með útgengi í garð til vesturs. Lóðin er stór, 858 fermetrar, ekki fullfrágengin.

Eignin er ekki fullbúin, utan aukaíbúðar. Allar innréttingar og gólfefni eru til bráðabirgða. Loftklæðning og sumar innihurðir eru ekki til staðar. Rafmagn er ekki fullfrágengið. Bráðabirgðahandrið er á stærri svölum, en á austursvölum er ekki handrið né á stiga milli hæða. Yfirborð svala er ekki frágengið. Kjörið tækifæri til að klára og gera eignina að sinni. Ekrusmári 16 er sérlega vel skipulögð útsýniseign á vinsælum stað. Örstutt er í skóla, íþróttir og Smáralind.

Eignin verður ekki sýnd fyrr en á opnu húsi miðvikudaginn 31. mars á milli klukkan 17 og 18. Vinsamlegast boðið komu ykkar.

Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsdóttir, löggiltur fasteignasali, í síma 773 6000 og á netfanginu thorunn@miklaborg.is.

FÁÐU RÁÐGJÖF SEM BYGGIR Á REYNSLU

EIGNAMIÐLUN
Grensásvegur 11 | Sími 588 9090 | www.eignamidlun.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-mark.is

Garðabær
Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar sem eftir eru eru frá 80,6 fm. upp í 135,2 fm. , 2ja til 4ra herbergja. Til afhendingar okt/nóv 2020.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, en flísar verða á gólfum á baði og þvotta-herbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júlí til desember 2021. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Funafold. Einbýlishús með aukaíbúð.



- 253,8 fm. einbýlishús á pöllum sem stendur á 757,0 fm. lóð niður við sjó, þaðan sem nýtur virkilega fallegs útsýnis út á sjóinn og yfir borgina.
- Aukin lofthæð er á efri pöllum hússins, gluggar mjög stórir og eignin því afar björt. Aukaíbúð hefur verið útbúin í bílskúr hússins og hefur hún verið í útleigu.
- Samliggjandi rúmgóðar stofur með arni og útgengi á svalir til suðurs. Eldhús með gluggum í tvær áttir. Fimm herbergi.
- Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. parket, innihurðir, baðherbergi o.fl. Að utan er húsið nýlega málað sem og allt tréverk.

Verð 134,9 millj.

Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.

- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmíðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flísalagður bílskúr. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórri bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

Leifsgata 9. Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herb. íbúð og studióíbúð.

- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 62,9 millj.

Laufásvegur. 3ja herbergja íbúð - sérinngangur.

- Mikið endurnýjuð 3ja herbergja 108,3 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu steinsteyptu húsi við Laufásveg í Reykjavík.
- Íbúðin var öll innréttuð árið 2017 m.a. gólfefni, innihurðir, eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi og raflagnir. Loft voru tekin niður að hluta og sett innfelld lýsing.
- Lofthæð í íbúðinni er um 2,75 metrar. Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Þvotta-herbergi innan íbúðar.
- Íbúðin er með sérinngangi, en einnig er hægt að ganga inn í hana úr sameiginlegu stigahúsi hússins.

Verð 59,9 millj.

Lynghálsi 10. Nýlega innréttaðar stúdíóíbúðir.

- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdíóíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lynghálsi 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

Verð 189,0 millj.

Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag. Nánari uppl. á skrifstofu.

Bræðraborgarstígur. 3ja herbergja íbúð.



- Virkilega góð 119,3 fm. íbúð á tveimur hæðum, jarðhæð og kjallara, í nýlega viðgerðu og steinuðu fjölbýlishúsi við Bræðraborgarstíg.
- Bæði er sérinngangur í íbúðina og sameiginlegur um stigahús.
- Jarðhæðin er mjög björt með aukinni lofthæð og stórum gluggum. Góður stigi er á milli hæða og kjallarinn er með gluggum til suðurs.
- Stór og björt stofa með frönskum gluggum til suðurs og vestur og útgengi á verönd. 2 svefn-herbergi.
- Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 54,9 millj.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.

Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.

Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Mávahlíð 40
105 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU

BÓKIÐ SKOÐUN
hjá Antoni í síma **771 8601**

Rúmgóð og skemmtileg 4ra herbergja íbúð á miðhæð í fallegu og virðilegu fjölbýli

- Samanstendur af sér inngangi, andyri/forstofu, eldhúsi, stofu/borðstofu, 2 svefnherbergjum, baðherbergi, geymslu innan íbúðar og í sameign og sameiginlegu rúmgóðu þvottahúsi
- Mikið endurnýjuð eign

Nánari upplýsingar:
Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Verð: **65,3 millj.**

Ekrusmári 16
201 Kópavogur

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 31. mars
milli kl. 17:00 - 18:00

BÓKIÐ SKOÐUN
hjá Þórunni í síma **773 6000**

Fjölskylduvænt 278,6 fm einbýli með frábæru útsýni

- Örstutt í skóla og íþróttir og Smáralind
- Aukaíbúð nýlega innréttuð og 28 fm bílskúr
- Sex svefnherbergi þar af 1-2 í aukaíbúð ef vill
- Mikil lofthæð á efri hæð og 858 fm stór lóð
- Bráðabirgðainnréttingar, gólfefni o.fl. í aðalíbúð
- Tækifæri fyrir handlagna

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **121 millj.**

Hraunteigur 5
105 Reykjavík

BÓKIÐ SKOÐUN
hjá Antoni í síma **771 8601**

Glæsileg 211,7 fm hæð og ris, ásamt auka stúdíó íbúð og bílskúr

- Eignin skiptist þannig að hæð og ris er 137,7 fm,
- Tvær fallegar stofur
- Rúmgott endurnýjað eldhús
- Þrjú góð svefnherbrgi
- Bílskúrinn 36,6 fm
- Geymslan/stúdíóíbúð 37,4 fm

Nánari upplýsingar:
Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Verð: **93,9 millj.**

Eskihlíð 18 A
105 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**

Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 4ra herbergja 115,9 fm íbúð á 4. hæð

- Stofa og útgengi út á svalir
- Borðstofa sem hægt er að nýta sem þriðja svefnherbergi.
- Tvö önnur svefnherbergi
- Eldhús með fallegri innréttingu
- Baðherbegið er endurnýjað
- Rúmgott herbergi í kjallara með góðum glugga

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **58,5 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Við leitum að...

- **Einbýli með sjávarútsýni í Kópavogi 5-6 herb 250 fm+. Verð allt að 200 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778-7272
  eða axel@miklaborg.is

- **4-5 herb. einbýli / raðparhús í Grafarvogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778-7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Sérbýli, einbýli og eða raðhús/parhús í Hafnarfirði**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778-7272
  eða axel@miklaborg.is

- **Sérbýli í Selás eða Árbæ og í Fossvogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Axel í síma 778-7272
  eða axel@miklaborg.is

- **3ja herbergja eign með útsýni og góðum svölum. Miðsvæðis í Rvk. Að 115 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **Jarðhæð í nýbyggingu með sérverönd í suður, tvö svefnherbergi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **4ra herbergja eign með stóru eldhúsi, helst í nýlega byggðu fjölbýli. Reykjavíkursvæðið helst í grennd við p.nr 108**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **Skarðshlíð í Hafnarfirði, ákveðinn kaupandi. 3ja herbergja.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **Lúxus íbúð með tveimur bílastæðum í bílgeymslu, upp að 150 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **3ja herb íbúð á RUV reitnum upp að 65 millj**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jón Rafn í síma 695-5520
  eða jon@miklaborg.is

- **Sérbýli í Hvörfum 203 Kóp verð að 110 millj**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar S í síma 691 2312
  eða osa@miklaborg.is

- **Lítið sérbýli eða hæð í Mosfellsbæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar S í síma 691 2312
  eða osa@miklaborg.is

- **P.nr. 112-113 Vantar Vantar. Er með marga ákveðna kaupendur að rað-, par- og einbýlishúsum í Grafavogi og Grafaholti.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **Vantar í P.nr. 200, 201 og 203 Ákveðin aðili að óskar eftir 3-4ra 85 til 115 fm. Kostur ef stæði í bílageymslu fylgir.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **Ákveðin kaupandi óskar eftir Einbýli með möguleika á 2 til 3 íbúðum.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **Fjárfestingarfélag óskar eftir eignum sem henta til skammtíma útleigu.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **Vantar 3-4ra á fyrstu hæð eða ofar ef gæludýr eru samþykkt í húsinu.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **Vegna mikillar sölu vantar flestar gerðir fasteigna til sölu, fáðu frítt verðmat.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Anton i síma 771-8601
  eða anton@miklaborg.is

- **3 - 4 herbergja íbúð með útsýni á svæðinu kringum Kópavogsgerði - Kópavogstún eða Lundi í Kópavogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **150 - 170 m2 íbúð á efstu hæð / penthouse með þaksvölum á stór Reykjavíkursvæðinu**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **3 ja herbergja íbúð í húsi fyrir eldri borgara með aðgengi að þjónustukjarna**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **150 -200 m2 sérbýli sem næst Laugardal í Reykjavík**
  Nánari upplýsingar veitir
  Friðrik í síma 616 1313
  eða fridrik@miklaborg.is

- **Sérbýli í Vesturbænum eða á Setljarnarnesi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Gunnar í síma 899 5856
  eða gunnar@miklaborg.is

- **Sérhæð með bílskúr á Setljarnarnesi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Gunnar í síma 899 5856
  eða gunnar@miklaborg.is

- **Sérbýli á einni hæð á Höfuðbograrsvæðinu**
  Nánari upplýsingar veitir
  Gunnar í síma 899 5856
  eða gunnar@miklaborg.is

- **Sérhæð í vesturbænum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Gunnar í síma 899 5856
  eða gunnar@miklaborg.is

- **Rúmgóðri íbúð við Norðurbakka eða Fjarðargötu í Hafnarfirði**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ásgrímur í síma 865 4120
  eða asi@miklaborg.is

- **3-4 herbergja íbúð við Lund í Kópavogi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ásgrímur í síma 865 4120
  eða asi@miklaborg.is

- **Raðhúsi í Fossvogi með bílskúr**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ásgrímur í síma 865 4120
  eða asi@miklaborg.is

- **2 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu með stæði í bílageymslu fyrir allt að 45 milljónir**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ásgrímur í síma 865 4120
  eða asi@miklaborg.is

- **Litlu sérbýli með bílskúr á höfuðborgarsvæðinu, 100-150 fm.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ásgrímur í síma 865 4120
  eða asi@miklaborg.is

- **Sérbýli á Seltjarnarnesi með 5-6 svefnherbergjum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Páll í síma 893 9929
  eða pall@miklaborg.is

- **Einbýlishúsi á einni hæð á Seltjarnarnesi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Páll í síma 893 9929
  eða pall@miklaborg.is

- **Hæð á Seltjarnarnesi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Páll í síma 893 9929
  eða pall@miklaborg.is

- **2-3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem þarfnast lagfæringar**
  Nánari upplýsingar veitir
  Páll í síma 893 9929
  eða pall@miklaborg.is

- **Rað/par í 107 Reykjavík**
  Nánari upplýsingar veitir
  Páll í síma 893 9929
  eða pall@miklaborg.is

- **Byggingalóð á stór Reykjavíkursvæðinu, fyrir 30-60 íbúðir.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Leita að góðri íbúð á efri hæðum í Sjálandshverfi Garðabæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Leita að penthouse íbúð nokkuð miðsvæðis í Reykjavík eða á stór-Reykjavíkursvæðinu æskileg stærð 110-130 fm**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Góðri hæð við Landsspítalann**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Íbúð í Sóltúni 1-3 og 4-5 herbergja fyrir íbúa +60 ára**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jórunn í síma 845-8958
  eða jorunn@miklaborg.is

- **Sumarhús í nágrenni við golfvelli td. Öndverðarnes eða Kiðjaberg. á 40 millj. til 70 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Einbýli, par- eða raðhúsi með bílskúr, miðsvæðis í Rvk, Hlíðar, smáíbúðahverfi, vesturbær, Laugardalur, Fossvogur og vesturbær Kópavogs**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Raðhús eða parhús í Hafnarfirði, helst í Áslandnu á 90-100 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Einbýli, rað eða par í Garðabæ eða í Lindum eða Smárum. Verð: 110 til 150 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Vegna mikillar sölu vantar flestar gerðir fasteigna til sölu, fáðu frítt verðmat.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Jason í síma 775-1515
  eða jko@miklaborg.is

- **Einbýli í Garðabæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Útsýnisíbúð í Sjálandshverfi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Rað/par hús í Selásnum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Sérbýli í Hlíðunum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Rað- eða parhúsi í Norðlingaholti**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **4-5 herbergja sérhæð í Hlíðunum**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Íbúð í nýlegu fjölbýli með lyftu. 130 - 160 fm**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Sérbýli í Laugarnesi eða Laugaráshverfi**
  Nánari upplýsingar veitir
  Kjartan í síma 663-4392
  eða kjartan@miklaborg.is

- **Leita að rúmgóðri sérhæð miðsvæðis fyrir 75-100 m. Lágm. 3 svefnh. Í hverfum 102, 103, 104 og 108**
  Nánari upplýsingar veitir
  Elín í síma 8993090
  eða elin@miklaborg.is

- **2ja herbergja íbúð í húsi fyrir 55 ára eða eldri helst vestan Kringlumýrarbrautar**
  Nánari upplýsingar veitir
  Svan í síma 697 9300
  eða svan@miklaborg.is

- **Hæð eða íbúð með vinnuaðstöðu/bílskúr miðsvæðis í Reykjavík**
  Nánari upplýsingar veitir
  Svan í síma 697 9300
  eða svan@miklaborg.is

- **2 herbergja íbúð sem má ekki kosta meira en 35 milljónir austan Kringlumýrarbrautar**
  Nánari upplýsingar veitir
  Svan í síma 697 9300
  eða svan@miklaborg.is

- **Atvinnu- eða íbúðarhúsnæði með leigusamningum – kaupverð allt að 130 milljónir**
  Nánari upplýsingar veitir
  Svan í síma 697 9300
  eða svan@miklaborg.is

- **Nýleg útsýnisíbúð allt að 140 fm – kostur ef það fylgja stóarar svalir**
  Nánari upplýsingar veitir
  Svan í síma 697 9300
  eða svan@miklaborg.is

- **4ra herbergja með bílskúr/ bílageymslu, verð kr 50 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ingi Þór í síma 698 4450
  eða ingi@miklaborg.is

- **5 herb. Rað/Parhúsi á póstnúmeri í Árbæ, allt að 105 milljónir**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ingi Þór í síma 698 4450
  eða ingi@miklaborg.is

- **Einstöku einbýli með glæsilegu útsýni, allt að 200 millljónir**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ingi Þór í síma 698 4450
  eða ingi@miklaborg.is

- **3ja herb. íbúð í Hafnarfirði fyrir allt að 45 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Barbara í síma 823-0339
  eða barbara@miklaborg.is

- **Íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem þarfnast viðhalds. Verð að 50 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Barbara í síma 823-0339
  eða barbara@miklaborg.is

- **Hagkvæmum búðum á höfuðborgarsvæðinu sem henta fyrstu kaupendum.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Barbara í síma 823-0339
  eða barbara@miklaborg.is

- **Íbúð með útleigueiningu á höfuðborgarsvæðinu.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ómar í síma 832 3200
  eða omari@miklaborg.is

- **Byggingarlóð fyrir fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Ómar í síma 832 3200
  eða omari@miklaborg.is

- **Rað, par eða einbýlishúsi í Garðabæ, 3-4 svefnherbergi verð að 110 milljónum.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **Sérbýli á höfuðborgarsvæðinu, 85-90 millj. Má þarfnast endurbóta.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Atli í síma 899 1178
  eða atli@miklaborg.is

- **Einbýli, par- eða raðhús eða hæð í Grafarvogi með 3 eða fleiri svefnherbergjum fyrir allt að 95 millj. Ákveðnir kaupendur**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórunn í síma 773 6000
  thorunn@miklaborg.is

- **Fallegu sérbýli með suður garði eða vandaðri íbúð fyrir allt að 100 m í góðu göngufæri við Krókamýri í Garðabæ**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórunn í síma 773 6000
  thorunn@miklaborg.is

- **Sérbýli í smáíbúðahverfi 85 - 120 milllj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórhallur í síma 896 8232
  thorhallur@miklaborg.is

- **Einbýli á Flötunum í Garðabæ 100-150 m.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Þórhallur í síma 896 8232
  thorhallur@miklaborg.is

- **Fallegu einbýlishúsi í Kópavogi, Garðabæ eða Vesturbæ Rvk. Verð 150-170 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar HB í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

- **Einbýlishúsi í miðbæ Reykjavíkur, með leigueiningu. Verð 100-110 millj.**
  Nánari upplýsingar veitir
  Óskar HB í síma 691 1931
  eða ohb@miklaborg.is

Grandavegur 42 F

107 Reykjavík

Vel skipulögð 3ja herbergja 118,1 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu

Verð: **76 millj.**

- Stofa, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og gestasalerni.
- Yfirbyggðar 21,3 fm svalir sem snúa í suður
- 13,1 fm geymsla í kjallara

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali

Bergþórugata 23

101 Reykjavík

112,4 fm íbúð á 2. hæð 6 íbúðir í stigagangi

Verð: **65,9 millj.**

- Gengið inn frá Vitastíg
- Stofa með útsýni, svalir, eldhús, baðherbergi með þvottaaðstöðu, tvö svefnherbergi og anddyri
- Byggt árið 2017
- Laust strax við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Gullteigur 6

105 Reykjavík

Falleg 143 fm sérhæð Laugarneshverfi

Verð: **79,9 millj.**

- Fallegar samliggjandi stofur, opið eldhús
- Suðvestur svalir
- Fjögur til fimm svefnherbergi. Endurnýjað baðherbergi
- Geymsluskúr á lóð ca. 20 fm (ekki í FMR)
- Frábær staðsetning, skólar, þjónusta, íþróttamannvirki í göngufæri

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Snorrabraut 56B

101 Reykjavík

Góð 55,7 fm, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð

Verð: **37,9 millj.**

- Úr stofu og eldhúsi er útgengt á rúmgóðan timburpall sem snýr í suð-vestur.
- Fyrir 55 ára og eldri.
- íbúðin er laus við undirritun kaupsamnings.

Nánari upplýsingar:
s. 897 0634 Þröstur Þórhallsson löggiltur fasteignasali

Grandavegur 40

107 Reykjavík

Sjarmerandi lítið sérbýli – 77,4 fm

Verð: **59,9 millj.**

- Á efri palli er mjög gott svefnherbergi sem er rúmgott innaf því er mjög fallegt baðherbergi. Á neðri palli er með fallegt rúmgott alrými.
- Húsið allt er einstaklega sjarmerandi og fallegt.
- Kjörið tækifæri til að komast í sérbýli útaf fyrir sig.
- Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu.

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Snæland 4

108 Reykjavík

Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð

Verð: **58,5 millj.**

- Ssórar bjartar stofur
- Svalir eftir endilangri íbúðinni
- Stór herbergi á jarðhæð (möguleiki á útleigu)
- Geymsla á jarðhæð
- Afhending við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Stórholt 28

105 Reykjavík

Falleg íbúð á 1. hæð á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík

Verð: **45,9 millj.**

- Íbúðin er með þremur svefnherbergjum.
- Pallur í garði
- Stutt í skóla og þjónustu.

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 Þórhallur Biering löggiltur fasteignasali
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Valshlíð 2 (303)

102 Reykjavík

Ný glæsileg 60,2 fm 2ja herb. íbúð á 3. hæð

Verð: **49,9 millj.**

- Fullbúin með gólfefnum
- Sérmerkt stæði í bílageymslu
- Vestursvalir og mjög gott skipulag
- Þvottaaðstaða á baðherbergi
- Stór björt stofa með gólfsíðum gluggum

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 Þórunn Pálsdóttir löggiltur fasteignasali

Skógarvegur 8 (404)

103 Reykjavík

Glæsileg ný 73,8 fm búð á 4. hæð

Verð: **53,9 millj.**

- Eldhús með eyju sem er opin inn í stofu.
- Hjónasvíta með fataherb. og annað minna svefnherbergi með fataskáp, baðherbergi, sér þvottahús innaf eldhúsi.
- Rúmgóðar og bjartar stofur með útgengt á stórar svalir.
- Stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Urriðaholtsstræti 56

210 Garðabær

Nýtt og glæsilegt 180 fm raðhús á tveimur hæðum

- 5 svefnherbergi, eldhús, þvottahús, tvö baðherbergi, stofu, borðstofu, sjónvarpshol og upphitaðir geymslu á lóð.
- Miðað er við að húsin verði afhent fullbúin jafnt að innan sem utan.

Verð frá : **103 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Sogavegur 73 (203)

108 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 118 fm 4ra herbergja íbúð

- Íbúðin afhendist með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél
- Bílastæði í bílageymslu
- Sérinngangur með mörgum íbúðum
- Sérafnotaréttir eða svalir með öllum íbúðum

Verð: **71,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteigna & skipasali
Sími: 698 4450
ingi@miklaborg.is

Mosagata 15 (502)

210 Garðabær

Vel skipulögð 5 herbergja 161,8 fm íbúð á 5. hæð

- Gott alrými með eldhúsi, borðstofu og stofu, fjögur svefnherbergi, baðherbergi með sturtu,(eða baðkari) sér þvottahúsi.
- Tvennar svalir
- Geymsla í sameign
- Stæði í bílageymslu
- Íbúðin skilast án gólfefna í maí /júní 2021

Verð: **99,9 millj.**



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Gullteigur 6

105 Reykjavík

Glæsileg 160,8 fm þakíbúð með 48 fm bílskúr sem búið er að breyta í stúdíó-íbúð

- Aukin lofthæð (allt að 4 metrar)
- Rúmgóðar, bjartar og samliggjandi stofur með útgengi á svalir til suðurs.
- Rúmgóðar sér svalir til suðurs ofan á bílskúr
- Byggt ofan á 1983, miklar endurbætur á húsinu

Verð: **94,9 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Einbýlishús í Fossvogi

Við leitum að eign fyrir ákveðinn kaupanda.
Rúmur afhendingartími.

Gunnlaugur Þráinsson
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari

gunnlaugur@fastborg.is

844 6447

BORG
FASTEIGNASALA

519 5500
SÍÐUMÚLA 23
FASTBORG.IS

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

BÓKHLÖÐUSTÍGUR 2
101 Reykjavík

EINSTAKLEGA FALLEGT OG VIRÐULEGT EINBÝLISHÚS Á ÞREMUR HÆÐUM MEÐ SÉRBÍLASTÆÐI Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR.

Húsið hefur fengið gott viðhald og endurbætur á síðustu árum.
Lóðin er fullbúin og nýlega var lokið við að girða af garðinn og helluleggja fyrir framan húsið.

Þak hefur verið endurnýjað, nýr skorsteinn steyptur, nýjar þakrennur, timburklæðning á ytra byrgði hússins yfirfarin, gluggar lagaðir og skipt um gler eftir þörfum.

Reykjavíkurborg veitti verðlaun fyrir vel heppnaðar endurbætur árð 2019.

STÆRÐ: 278 FM.

BÓKIÐ EINKA SÖLUSÝNINGU HJÁ KRISTJÁNI Í SÍMA 867-3040 EÐA GUÐBJÖRGU Í SÍMA 899-5949

Allar nánari upplýsingar veita

Guðbjörg G. Sveinbjörnsd.
Löggiltur fasteignasali
899-5949/gudbjorg@trausti.is

Kristján Baldursson
Löggiltur fasteignasali
867-3040/kristjan@trausti.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Retta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

K2 LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

MARKAÐURINN.IS
NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

Tilboð 19.990 kr (var 21.484 kr)

Jet II - 105 cm

Tilboð 21.990 kr (var 23.075 kr)

Jet 1 - 105 cm

Loftviftur eru snjöll leið til að dreifa varma og koma hreyfingu á loft. Loftviftur henta því vel í stofur, svefnherbergi, skrifstofur, í vöruhús og verksmiðjur. Á sumrin henta vifturnar til að kæla en á veturna til að jafna hitastig og draga úr kyndingu.

Tilboð 134.990 kr (var 150.853 kr)

Risavifta - 254 cm
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð 54.990 kr (var 65.373 kr)

Tilboð 24.990 kr (var 27.367 kr)

Cyclone 132 cm

KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

ishúsið

viftur.is -andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Lára ásamt samstarfskonu sinni Alexöndru Fornalik. Lára er þakklát fyrir gott starfsfólk hjá Fjarða-þrifum. MYNDIR/AÐSENDAR

Eðal starfsfólk og umhverfisvæn þrif

Fjarðaþrif er Svansvottað ræstingafyrirtæki á Eskifirði sem sér um fjölbreytt þrif víða á Austfjörðum. Fyrirtækið rekur einnig fullkomið þvottahús sem sér meðal annars um þvotta fyrir hótel. Hjá fyrirtækinu starfa 39 manns við fjölbreytt þrif.

Framkvæmdastjórinn Lára Elísabet Eiríksdóttir stofnaði Fjarðaþrif árið 2003. Til að byrja með var hún eini starfsmaðurinn en núna 18 árum síðar hefur þeim fjölgað um 38. Fjarðaþrif er fyrsta ræstingafyrirtækið á Austfjörðum sem hefur hlotið Svansvottun.

„Það þarf að uppfylla mjög ströng skilyrði til að fá Svansvottun, en við leggjum mikinn metnað í að halda henni," segir Lára.

„Við fengum vottunina fyrst árið 2012 og höfum haldið henni síðan. Hún var endurnýjuð árið 2018 en það þarf að endurnýja reglulega. Skilyrðin eru til dæmis að bílarnir sem við notum mega varla eyða neinu, við þurfum að telja pokana sem við notum og mæla millilítra af efninu sem við notum. Það þarf að fylgja ströngum reglum til að fá að halda vottuninni."

Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem tekur til alls lífsferils vöru og þjónustu. Svansvottun er leið fyrir fyrirtæki til að miðla umhverfisstarfi sínu og senda neytendum skilaboð um að fyrirtækið vinni markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum í starfi sínu.

„Ég hef lagt metnað í umhverfisvernd frá upphafi. En þegar ég byrjaði árið 2003 voru efnin sem voru Svansvottuð því miður mjög léleg. Ég var að prófa mikið á erfiðum svæðum og efnin voru ekki að virka á þau. En í dag eru Svansvottuð efni miklu betri. Það er allt annað að þrífa með þeim," segir Lára.

Ewa Cygert við einn af bílum fyrirtækisins en mikilvægt er að þeir eyði litlu.

Fjarðaþrif reka líka þvottahús en hér eru þær Anna og Zoja að störfum.

Fjölbreytt þrif

Fjarðaþrif er með bækistöðvar á Eskifirði en sér þó um þrif víðs vegar á Austfjörðum.

„Við höfum verið að þrífa á mjög fjölbreyttum stöðum. Þetta eru fyrirtæki, heimili eldri borgara og einstaklinga sem þurfa aðstoð og ýmislegt fleira. Þetta er mjög fjölbreytt og margt sem dúkkar upp. Við höfum til dæmis þrifið fyrir tryggingarfélögin þar sem hefur kviknað í. Við erum að fara á yfir 90 staði vikulega," segir Lára.

Á Eskifirði reka Fjarðaþrif stórt þvottahús sem hefur aðallega séð um þvotta fyrir hótel og svipaða starfsemi.

„Ég stefni á að stækka á því sviði og fara að leigja út lín. Það var stefnan að prófa það í sumar, en ef COVID verður áfram eins og það er núna þá þarf það kannski að bíða. Það verður bara að koma í ljós. Ég er allavega til í slaginn. Það er allt tilbúið fyrir útleigu," segir Lára.

Þvottahúsið er ekki orðið Svansvottað en Lára segir að það sé stefnan. „Það er örlítið flóknara að fá Svansvottun fyrir þvottahúsið en fyrir ræstingarnar. Það er ýmislegt sem kemur þar inn sem dugar ekki að hreinsa bara einu sinni og þarf því sérmeðferð," útskýrir hún.

Eins og áður segir starfa 39 manns hjá fyrirtækinu og Lára leggur áherslu á að það sé allt eðal fólk sem heldur fyrirtækinu gangandi.

„Án þeirra væri ekkert hægt."

Mikilvægt að sýna ábyrgð í verki

Kaffitár hefur flokkað allan úrgang frá því fyrsta kaffihúsið var opnað árið 1995, það gefur flöskur og auka mat til góðgerðarmála og hefur staðist þær ströngu kröfur sem eru gerðar fyrir Svansvottun síðan árið 2010.

Marta Rut Pálsdóttir, rekstrarstjóri kaffihúsa Kaffitárs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaffitár var stofnað árið 1990 og byrjaði sem lítið fjölskyldufyrirtæki sem rak kaffibrennslu í Njarðvík. Árið 1995 var svo fyrsta kaffihúsið opnað í Kringlunni og síðan þá hefur fyrirtækið rekið kaffihús úti um allt höfuðborgarsvæðið og kaffi fyrirtækisins er selt í matvöruverslunum.

„Árið 2019 var fyrirtækið selt til Ó. Johnson & Kaaber, sem gefur okkur aukin og flott tækifæri á markaðnum og í dag starfrækjum við fimm kaffihús, en stefnum á að fjölga þeim," segir Marta Rut Pálsdóttir, rekstrarstjóri kaffihúsa Kaffitárs. „Við verslum 80% af okkar kaffi beint af bónda og leggjum okkur fram um að vernda umhverfið. Kaffihús Kaffitárs eru líka nógu umhverfisvæn til að vera Svansvottuð, en við erum fyrsta kaffihúsið hér á landi til að fá hana."

Stenst strangar kröfur

„Kaffitár fékk Svansvottun árið 2010 eftir langt ferli þar sem gerðar voru miklar breytingar á kaffihúsunum," segir Marta. „Kaffibrennslan fékk ekki vottun á sama tíma, en hún vinnur samt sem áður eftir sömu reglum og kaffihúsin gera og það er bara tímaspursmál hvenær hún fær vottun.

„Til að hafa Svansvottun þurfum við að standast gríðarlega strangar kröfur. Allt okkar sorp er flokkað, við notum einnota umbúðir í lágmarki, það þarf að vera hægt að rekja öll grænu sporin og það eru strangar reglur varðandi vatns- og rafmagnsnotkun og frágang á öllum úrgangi. Við notum líka eingöngu Svansvottuð hreinsiefni," segir Marta. „Við þurfum að

> **Það skiptir viðskiptavini máli að vita að fyrirtæki hugi að umhverfinu og lágmarki neikvæð umhverfisáhrif sín.**
>
> Marta Rut Pálsdóttir

tryggja að neikvæð umhverfisáhrif séu í lágmarki.

Við höfum fengið viðurkenningu Kuðungsins fyrir öflugt umhverfisstarf og vorum að þessu áður en það var „kúl"," segir Marta.

„Við höfum flokkað frá því að við opnuðum fyrsta kaffihúsið okkar og alltaf gefið flöskur í góðgerðarstarfsemi. Við pössum líka vel upp á matarsóun og gefum auka mat í góðgerðarstarfsemi eins og Konukot, Rauða krossinn eða Frú Ragnheiði. Við notum pappamál, takmörkum alla plastnotkun og lokin á kaffibollum eru nú gerð úr maís."

Styrkir ímynd fyrirtækisins

„Notkun á Svansmerkinu styrkir jákvæða ímynd fyrirtækisins. Það skiptir viðskiptavini máli að vita að fyrirtæki hugi að umhverfinu og lágmarki neikvæð umhverfisáhrif sín," segir Marta. „Það er að verða viðtekin venja að fólk sé meðvitað um umhverfið, flokki og lágmarki alla plastnotkun. Það er að vísu erfiðara í faraldrinum, en það er mikilvægt að vera meðvitaður og við viljum fá sem flesta í lið með okkur.

Við mælum að sjálfsögðu með að öll fyrirtæki fari í gegnum þetta ferli," segir Marta. „Það er flott að hafa þennan titil, við erum stolt af því að hafa hann og fögnum því alltaf þegar fyrirtæki fá vottun. Við erum nú að vinna að því að auka flokkun í fyrirtækinu öllu svo að Ó. Johnson & Kaaber verið umhverfisvænna en það er fyrir."

Aukið úrval af mat

„Kaffitár var að opna nýtt eldhús svo við bjóðum upp á aukið úrval af mat," segir Marta. „Við réðum kokk sem er uppfullur af geggjuðum hugmyndum og hann hefur verið að vinna að því að auka úrvalið hjá okkur síðan í nóvember, en samkomutakmarkanir hafa hægt á markaðssetningunni á þessu hjá okkur.

Við erum með samlokur, súpur, vefjur, bökur og acai-skálar. Sem stendur eru skálarnar bara í boði í Háskólanum í Reykjavík en við stefnum á að þær komi á öll kaffihúsin okkar áður en langt um líður."

Svanurinn og hringrásarhagkerfið

Norræna umhverfismerkið Svanurinn er eitt af þeim verkfærum sem fyrirtæki geta notað til að vinna í átt að hringrásarhagkerfi. Markmið Svansins er að draga úr heildar umhverfisáhrifum af neyslu og því tekur Svanurinn til alls lífsferils vöru eða þjónustu – frá hráefnanotkun til framleiðslu, notkunar og úrgangsmeðhöndlunar.

Markmið Svansins eru því í góðu samræmi við markmið hringrásarhagkerfisins og stuðla almennt að bættri auðlindanýtingu. Í gegnum alla viðmiðaflokka Svansins, hvort sem við erum að skoða sjampó eða nýbyggingar, má sjá sömu áherslur sem stuðla að bættri auðlindanýtingu. Hægt er að skipta áherslum Svansins sem beintengjast hringrásarhagkerfinu í sex þætti sem fjallað verður um hér.

Strangar efnakröfur

Í öllum viðmiðum Svansins má finna strangar kröfur um innihaldsefni. Efnakröfurnar lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í framleiðsluferlinu sjálfu en eru líka mjög mikilvægur þáttur í að tryggja að varan hafi ekki heilsuskaðleg áhrif á þann sem notar vöruna. Efnakröfur Svansins auka einnig líkurnar á því að hægt sé að endurnota og endurvinna vöruna seinna í lífsferlinum. Þessar kröfur má t.d. sjá þegar við skoðum vottaðar byggingarvörur, textíl og leikföng. Í þessum vöruflokkum

Hringrásarhagkerfið er mjög sýnilegt í viðmiðum fyrir Svansvottuð húsgögn.

styður bann við notkun þalata, bann við halógenuðum eldtefjandi efnum og strangar kröfur um íblöndunarefni í plasti við að hægt sé að endurnota efnin eða endurvinna við lok líftíma.

Kröfur á endurnýjanleg, endurunnin og sjálfbær hráefni

Svanurinn setur kröfu um að notast sé við endurnýjanleg, endurunnin eða sjálfbær hráefni. Kröfurnar eru aðlagaðar því hráefni sem verið er að skoða hverju sinni. Ef við skoðum til dæmis við, þá gerir Svanurinn kröfur um að allar viðarvörur séu framleiddar úr við úr sjálfbærri skógrækt. Þessi krafa nær til dæmis til húsgagna, parkets, glugga, ljósritunarpappírs og pappírsumbúða. Þegar horft er á pappírsvörur samþykkir Svanurinn einnig að notast sé við endurunninn pappír. Ef við horfum á vörur úr áli, þá er krafa Svansins að vörurnar innihaldi lágmarkshlut endurunnins áls.

Gæðakröfur og líftími

Gæðakröfur Svansins eru til þess gerðar að tryggja að varan skili ásættanlegri virkni og að gæði vörunnar séu tryggð. Þar sem við á er líka gerð krafa um endingu vörunnar, en líftími er einmitt eitt lykilhugtak í hringrásarhagkerfinu. Með því að auka líftíma vöru er hægt að fresta því að hún verði að úrgangi á meðan gæðakröfurnar geta aukið líkurnar á að hægt sé að endurnota vöruna eða hluta hennar að líftíma loknum.

Ef við skoðum málningu er þar gerð krafa um að hægt sé að loka umbúðunum eftir notkun til að varan skemmist ekki við geymslu og að málningin uppfylli kröfur um efnisþekju til að hægt sé að lágmarka hversu mikið magn þarf að nota á hvern fermetra. Fyrir textíl er horft til líftímans með tilliti til þess að litur og form haldi sér við þvott.

Kröfur á vöruhönnun, sundurhlutun og viðgerðir

Þar sem það á við gerir Svanurinn kröfu um að tekið sé tillit til möguleika á sundurhlutun og viðgerðum strax á hönnunarstigi. Þetta getur bæði stutt við lengri líftíma en líka aukið líkurnar á möguleika á endurnotkun og endurvinnslu við lok líftíma. Hér má nefna kröfur Svansins fyrir húsgögn þar sem er gerð krafa um að auðvelt sé að taka ólík efni í sundur til að hægt sé að endurnota eða endurvinna hluta vörunnar.

Kröfur um minni auðlinda- og orkunotkun

Kröfur Svansins um minni auðlinda- og orkunotkun má finna víða, en sem dæmi má nefna að í öllum viðmiðum Svansins fyrir þjónustu má finna kröfu um lágmarks orku- og vatnsnotkun. Þetta sjáum við þegar votta á hótel, dagvöruverslanir, bílaþvottastöðvar og prentsmiðjur. Fyrir nýbyggingar er einnig gerð krafa um að hönnun tryggi lága orkunotkun á notkunartíma hússins.

Kröfur um bætta úrgangsmeðhöndlun og nýtingu auðlinda

Þar sem hægt er að hafa áhrif á úrgangsmeðhöndlun setur Svanurinn kröfu á að lágmarka blandaðan úrgang og hámarka endurvinnslu. Á sama tíma ýta áhersluatriðin hér að framan undir það að hægt sé að annað hvort koma í veg fyrir að vörur eða hlutar þeirra verði að úrgangi eða efnin sem notuð eru henti í efnisendurvinnslu í lokaðri hringrás. Áhersla á að lágmarka blandaðan úrgang og auka endurvinnslu má sjá í viðmiðum Svansins fyrir hótel, veitingastaði, dagvöruverslanir og prentsmiðjur. Fyrir nýbyggingar og endurbætur húsnæðis er lögð áhersla á að gert sé ráð fyrir góðri flokkunaraðstöðu.

Arnar Þorsteinsson, Hrund Sigurðardóttir og Bjarki Þorsteinsson eru eigendur AÞ-þrifa. Fyrirtækið fékk Svansvottun árið 2010 og hefur þrjú gildi að leiðarljósi í sinni starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framúrskarandi þjónusta í fimmtán ár

AÞ-þrif leggur áherslu á vandaða þjónustu, heiðarleika og fagmennsku. Fyrirtækið fékk Svansvottun árið 2010 og hefur jafnframt hlotið viðurkenninguna „Framúrskarandi fyrirtæki“ fjögur ár í röð.

AÞ-þrif var stofnað árið 2006 og fagnar því 15 ára starfsafmæli á árinu. Í fyrirtækinu starfa um hundrað manns og eigendur eru þau Arnar Þorsteinsson, Hrund Sigurðardóttir og Bjarki Þorsteinsson. Fyrirtækið er staðsett að Skeiðarási 12 í Garðabænum þar sem það hefur verið frá upphafi.

Fjölbreytt þjónusta

Hrund Sigurðardóttir, verkefnastjóri og einn eigenda fyrirtækisins, segir starfsemi fyrirtækisins vera afar fjölbreytta. „AÞ-Þrif bjóða upp á alhliða hreingerningaþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Við bjóðum upp á daglegar ræstingar í stórum sem smáum fyrirtækjum, allt frá litlum skrifstofum upp í stórar verslanir og skóla.“

Þá er einnig boðið upp á sérhæfðari þjónustu. „Við erum auk þess með öfluga og reynslumikla sérverkefnadeild þar sem við bjóðum upp á gluggaþvott, iðnaðarþrif, mygluþrif, gólfþrif, flutningsþrif, sótthreinsun og fleira.“

Viðskiptavinir fyrirtækisins eru af öllum stærðum og gerðum. „Okkar helstu viðskiptavinir eru einkafyrirtæki en við þjónustum einnig stofnanir, húsfélög, sveitarfélög og einstaklinga.“

Skjót viðbrögð og Svansvottun

Hrund segir eina helstu sérstöðu fyrirtækisins liggja í skjótum viðbrögðum við verkefnum af öllu tagi. „Við erum þekkt fyrir að bregðast hratt við og að geta tekið að okkur fjölbreytt og krefjandi verkefni með litlum fyrirvara.“

AÞ-þrif býður upp á alhliða hreingerningaþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga og er auk þess með öfluga sérverkefnadeild.

> Við erum þekkt fyrir að bregðast hratt við og að geta tekið að okkur fjölbreytt og krefjandi verkefni með litlum fyrirvara.

AÞ-þrif fengu Svansvottun árið 2010 og segir Hrund það hafa verið mikils virði fyrir fyrirtækið.

„Með Svansvottuninni hafa AÞ-Þrif tryggt að allir starfsmenn fá viðeigandi þjálfun, bæði í verklegu og bóklegu námi. Vottunin tryggir okkur gott og áhrifaríkt gæðaeftirlit. Sápunotkun er eins lítil og mögulegt er og eingöngu eru notast við umhverfisvottaðar vörur í ræstingum.“

Þrjú mikilvæg gildi

Hjá AÞ-þrifum eru þrjú gildi höfð að leiðarljósi. „Gildin okkar eru þjónustulund, heiðarleiki og fagmennska,“ greinir Hrund frá.

„Þjónustulund stendur fyrir það að við erum jákvæð og sveigjanleg í viðmóti og sýnum frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini. Við erum snör í snúningum og opin fyrir hugmyndum annarra og tilbúin að vinna með þær. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og allar okkar ákvarðanir taka mið af því,“ segir hún.

„Heiðarleikinn þýðir að við erum heiðarleg í öllu sem við gerum, hvort sem það er gagnvart starfsmönnum eða viðskiptavinum. Fagmennskan snýr svo að ásýnd fyrirtækisins og öll okkar framkoma er fagleg og ber vitni um metnað okkar til að gera vel.“

AÞ-ÞRIF

Efni í umhverfi barna

Framleiðsla efna, eða chemicals á ensku, hefur aukist gríðarlega síðustu áratugi. Árið 1930 var um það bil 1 milljón tonna efna framleidd árlega í heiminum. Í dag má áætla að framleiðsla efna á heimsvísu sé nær 1.000 milljónum tonna á ári og öll þessi efni eiga það sameiginlegt að þau enda í umhverfi okkar, á einn eða annan hátt.

Hildur Harðardóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að mörg efni séu í kringum okkur. „Við öndum þeim að okkur, gleypum þau, borðum og drekkum og þau fara meira að segja í gegnum húðina okkar til dæmis þegar við berum á okkur snyrtivörur."
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hildur Harðardóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að frá því hún var barn hafi hún haft brennandi áhuga á umhverfismálum og pælt mikið í því hvaða áhrif hún geti haft á umhverfið. „Ég hef kannski minna pælt í því hvaða áhrif mitt nærumhverfi hefur á mig og minn líkama. Þetta breyttist heldur betur þegar ég eignaðist dóttur árið 2018. En þá fór ég meira að spá í hvaða skaðlegu efni gætu leynst inni á heimilinu sem hefðu áhrif á heilbrigði dóttur minnar og þroska," segir hún.

„Flest af því sem við notum daglega inniheldur ótal efni. Þau leynast í mat, fatnaði, snyrtivörum, þvottaefnum, húsgögnum, raftækjum, leikföngum, veggmálningu, gólfefnum og svo mætti lengi telja," upplýsir Hildur.

„Vísindafólk um allan heim hefur lengi varað við því að vandamálið sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að skaðlegum efnum í umhverfi okkar sé stærra en áður var talið. Áhrifin á dýr hafa lengi verið þekkt en nú er farið að rannsaka áhrifin á fólk. Í heiminum öllum hafa hormónaraskandi efni meðal annars haft þau áhrif að stúlkur verða fyrr kynþroska en áður, frjósemi hjá körlum minnkar og tíðni eistnakrabbameins hækkar, ásamt því að börn séu líklegri til að þróa með sér ofnæmi. Efnin komast í líkama okkar á marga vegu. Við öndum þeim að okkur, gleypum þau, borðum og drekkum og þau fara meira að segja í gegnum húðina okkar til dæmis þegar við berum á okkur snyrtivörur. Það er líka hægara sagt en gert að losna við þessi efni eftir að þau eru komin inn í líkamann. Sum þeirra setjast að í fituvefjum, og einu skiptin sem líkaminn losar sig við þau efni er þegar konur eru óléttar eða með barn á brjósti, en þá flytjast efnin með mjólkinni. Tek það samt fram að brjóstagjöf er alltaf ráðlögð þegar henni er við komið, þrátt fyrir að efni berist úr líkama móður til barns, þá hefur brjóstagjöfin svo marga aðra mikilvæga eiginleika," útskýrir hún.

Börn útsettari en fullorðnir

Hildur segir að börn séu almennt viðkvæmari fyrir umhverfisáhrifum en fullorðnir og útsettari fyrir efnum í umhverfinu. „Þau til dæmis rannsaka heiminn með því að stinga hlutum upp í sig og smakka á umhverfi sínu. Börn og fóstur eru líka með viðkvæmara tauga- og ónæmiskerfi og æxlunarkerfi en fullorðnir. Það er hægara sagt en gert að forðast öll þessi efni – þau eru allt í kringum okkur og tilurð þessara efna auðveldar okkur oft lífið, þau lengja líftíma andlitskremsins, auðvelda heimilisþrifin og bæta lykt af okkur."

Snyrtivörur

„Nokkur dæmi um það hvernig við getum lágmarkað snertingu við skaðleg efni í okkar daglega lífi er til dæmis að horfa á notkun okkar á snyrti- og hreinlætisvörum. Rotvarnarefni og ilmefni eru dæmigerð innihaldsefni í snyrtivörum. Rotvarnarefnum er bætt við snyrtivörur til að koma í veg fyrir bakteríu- og myglumyndun þegar við stingum fingrunum í krukkuna. En sum rotvarnarefni eru talin valda hormónatruflunum og þau má finna í maskörum, sjampói, kremi, förðunarvörum og fleiru.

Hormónaraskandi efni geta verið í ýmiss konar snyrtivörum.

Ilmefnin í snyrtivörum eru notuð til að gefa góða lykt eða fela líkamslykt. Þessi efni skipta þúsundum, en 26 þeirra hafa verið skráð sem sérstaklega ofnæmisvaldandi og það er skylda að skrá þau í innihaldslýsingu vara. Mig langar líka að benda á að náttúruleg ilmefni, til dæmis í ilmkjarnaolíum, geta líka verið ofnæmisvaldandi."

Kokteiláhrifin

„Síðan eru það blessuðu kokteiláhrifin. Flestar rannsóknir á efnum og áhrifum þeirra hafa bara skoðað hvert efni út af fyrir sig. En hvað gerist þegar þeim er blandað saman í einn kokteil?

Við komumst í snertingu við hormónaraskandi efni úr ótal áttum en það er mjög lítið vitað um hvað gerist þegar þessi efni öll blandast saman í líkama okkar. Það eina sem vísindamenn vita með vissu í dag er að blöndun efna eykur skaðsemi þeirra."

Umhverfismerki til bjargar

„Listinn yfir skaðleg efni í snyrtivörum er mjög langur og ómögulegt fyrir okkur að ætla leggja þau öll á minnið. Það er hægt að einfalda sér lífið með því að þekkja tvö umhverfismerki og velja þau þegar völ er á. Þetta er Svansmerkið og Evrópublómið. Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og Evrópublómið er umhverfismerki Evrópusambandsins og finnst oft á vörum eins og klósettpappír, hreinsiefnum og textíl. Þegar maður velur vörur með þessum merkjum þá getur maður verið öruggur um að hafa valið umhverfisvænustu vörurnar á markaðnum.

Í Svansvottuðum vörum eru þekkt hormónaraskandi efni t.d. ekki leyfð og heldur ekki þessi 26 ofnæmisvaldandi ilmefni sem ég nefndi.

Svansvottaðar vörur sem framleiddar eru fyrir börn fylgja líka miklu strangari skilyrðum heldur en vörur hugsaðar fyrir fullorðna, þau eru til dæmis alveg án ilmefna, ekki bara án þessara 26 mest ofnæmisvaldandi."

Textíll

Textíliðnaðinum fylgir líka gríðarleg efnanotkun. Efnin er notuð til að lita textílinn og losna við myglu og skordýr.

Nokkur ráð um textíl:

- Þvo allan nýjan fatnað.
- Þvo föt alltaf upp úr Svansvottuðu og ilmefnalausu þvottaefni.
- Kaupa frekar notað en nýtt eða fá gefins frá vinum og vandamönnum (þá hefur flíkin verið þvegin oft). Notuð flík er því betri fyrir budduna, umhverfið og heilsu barnanna.
- Þekkja helstu umhverfisvottanir á fötum og textíl, algengust eru Evrópublómið og GOTS, „Global Organic Textile Standard".
- Umhverfismerkin hjálpa okkur að velja rétt!

Leikföng

Leikföng eru snúið dæmi því þau eru gjarnan gerð úr plasti og plast getur innihaldið skaðleg efni.

> **Flest af því sem við notum daglega inniheldur ótal efni. Þau leynast í mat, fatnaði, snyrtivörum, þvottaefnum, húsgögnum, raftækjum, leikföngum, veggmálningu og gólfefnum.**
>
> Hildur Harðardóttir

Vegna þess hversu mörg hneykslismál hafa komið upp í leikfangaframleiðslu er eftirlit með plasti í leikföngum mjög gott í Evrópu. Það sama gildir þó ekki um leikföng úr plasti sem eru framleidd og seld utan Evrópu.

Þrátt fyrir þetta er mikilvægt að við séum meðvituð um ákveðna hluti þegar kemur að plastleikföngum. Það eru mörg efni sem ekki eru leyfð við leikfangaframleiðslu, en ilmefni eru þó leyfð. Einnig ofnæmisvaldandi ilmefnin sem ég talaði um áðan. Þess vegna þurfa foreldrar og aðrir aðstandendur barna að hafa nokkra hluti í huga þegar leikföng eru keypt.

Nokkur ráð um leikföng

- Nota nefið – leikföng eiga ekki að lykta af jarðarberjum eða öðrum ávöxtum! Þau eiga heldur ekki að hafa sterka lykt af plasti eða öðrum efnum.
- Velja Svansvottuð leikföng – frekar færri leikföng og vönduð þegar kaupa á nýtt og leitum eftir Svansmerkinu.
- Kaupa CE-merkt – Passa að leikföngin séu CE-merkt, en það þýðir að varan uppfyllir grunnkröfur Evrópska efnahagssvæðisins um öryggi og heilbrigði og horfið til þess hvaða aldurs leikföngin eru ætluð. Það gilda strangari reglur um leikföng ætluð 3 ára og yngri til dæmis því þeim má stinga upp í sig.
- Velja harðplast – Veljið frekar leikföng úr hörðu plasti og forðist með öllu leikföng úr mjúku plasti sem framleidd voru fyrir árið 2013 þar sem þá var reglugerðarbreyting sem herti á kröfum um skaðleg efni í framleiðslunni.
- Forðast plast framleitt fyrir 2013.
- Kaupa gegnheil viðarleikföng, helst án málningar eða að minnsta kosti með málningu sem er örugg fyrir börn.
- Þvo ný leikföng fyrir notkun þar sem á þeim gætu leynst skaðleg efni frá framleiðslunni.

Þetta eru ekki leikföng

Það er líka mikilvægt að vita að það eru margir hlutir á okkar heimili sem börn ættu ekki að fá að leika sér með svo sem farsímar, fjarstýringar, lyklar, umbúðir og kvittanir svo fátt eitt sé nefnt. En í þeim geta leynst þungmálmar og ýmis önnur skaðleg efni.

Huga að inniloftinu

Síðast en ekki síst eru það gæði innilofts en það er ekki síður mikilvægt að huga að því en efnainnihaldi í vörum. Við erum hreinlega að anda að okkur efnum heima hjá okkur á hverjum degi. Efnin bindast nefnilega ryki sem svífur um loftið og fer þannig inn um öndunarfæri okkar.

Allt sem við komum með inn á heimilið lætur frá sér efni, efnin gufa upp úr hlutum og festast í rykögnum. Rafmagnstæki gefa frá sér efni þegar kveikt er á þeim og efni gufa upp úr nýjum húsgögnum.

Nokkur ráð um inniloft

- Rannsóknir sýna að það að lofta út er besta leiðin til að losna við efni úr umhverfi okkar. Mælt er með að opna út í 3-5 mínútur í senn, 2-3 á dag.
- Lofta sérstaklega út þegar kveikt hefur verið á kertum vegna skaðlegra efna í brunanum.
- Lofta sérstaklega vel út þegar ný húsgögn koma inn á heimilið.
- Þurrka reglulega af og þrífa.
- Velja umhverfisvottaðar ræstivörur, merkt Svaninum eða Evrópublóminu.

Að lokum

- Vandamálin liggja ekki í því sem við gerum við sérstök tilefni, heldur í daglegum venjum okkar.
- Leitum ávallt eftir umhverfisvottunum á vörum.
- Þvoum alla nýja hluti fyrir börnin okkar, hvort sem það eru leikföng eða textíll.
- Loftum vel út minnst tvisvar á dag.
- Notum skynsemina – þurfum við allar þessar vörur? Leiðum hugann að því hvort eitthvað sé mögulega óþarfi.

Bakað af alúð

Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna

Hafdals hótel við Akureyri

Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akturssfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347

Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR — NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

FRÉTTABLAÐIÐ



88,4%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

***Samkvæmt prentmælingum Gallup**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RIF
RESTAURANT

TAKE AWAY

panta - sækja - njóta

578-0100

RIF
Svínarif borin fram með frönskum með hrásalati og/eða sósu (Bourbon glaze eða BBQ)
3.790 kr

RIF Burger
Ostborgari með káli, tómötum, svissuðum rauðlauk, sveppum, mayonaise og frönskum.
2.640 kr

NÝTT

EL PASO SALAT
Kjúklingur, kokteil tómatar, mandarínur, nachos, fetaostur, maísbaunir, nýrnabaunir, paprika og rauðlaukur með ranch eða honey mustard sósu.
2.740 kr

BEINLAUSIR KJÚKLINGABITAR
Beinlausir kjúklingabitar með vali um buffalo sósu, bbq eða bourbon glaze.
1.690 kr

NÝTT

/rifrestaurant

2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ | rif.is

pepsi

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

30. MARS 2021 ÞRIÐJUDAGUR

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og tengdasonur,

Gestur Friðrik Guðmundsson

myndlistarmaður og framhaldsskólakennari,

lést laugardaginn 20. mars á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 31. mars klukkan 15. Í ljósi aðstæðna verða eingöngu nánustu ástvinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni og hægt er að nálgast það á: mbl.is/andlat/minningar/utfarastreymi/

Sylvía Kristjánsdóttir

Helga Gestsdóttir
Guðmundur Helgi Gestsson
Óskar Atli Gestsson
Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Helgadóttir
Hjörvar Jónsson
Ásta Bjarndís Bjarnadóttir
Adda Þóra Bjarnadóttir
Logi Egilsson
Kristján Andrésson
og barnabörn.

†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingunn Eyjólfsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 13. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og sérstakar þakkir fær starfsfólk Markar fyrir nærgætna og góða umönnun.

Elísabet Valtýsdóttir
Kristín Valtýsdóttir
Margrét V. Zachariassen
Anna María Valtýsdóttir
Gísli Skúlason
Þórður D. Bergmann
Henrik Zachariassen
barnabörn og langömmubörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Valgeir og Ásta Kristrún hlakka til að miðla söng og fróðleik til fólks í gegnum tölvur um páskahelgina. MYND/AÐSEND

Hef aðaltöffarana með

Hjónin Ásta Kristrún og Valgeir Guðjónsson verða með dagskrá í tali og tónum í Bakkastofu um páskahelgina. Hún snýst um fugla í ljóðum og söng og er send út rafrænt.

Af hverju skyldu vera fuglar á páskaeggjum og í páskaskreytingum? Ásta Kristrún Ragnarsdóttir námsráðgjafi mun upplýsa það og margt fleira í þáttum sem hún og Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður senda út á skírdag og páskadag frá Bakkastofu á Eyrarbakka. Fólk getur notið þáttanna á Facebook og vefnum bakkastofa.com gegnum YouTube. Þeir hefjast klukkan 15 báða dagana og verða aðgengilegir áfram. Þar verða fuglar í öndvegi.

Þegar ég slæ á þráðinn til Ástu Kristrúnar kveðst hún einmitt hafa verið að tala við hann Alex Mána Guðríðarson sem var nýbúinn að sjá lóuna, fyrstur manna þetta vorið – og það á Stokkseyri – næsta bæ við Eyrarbakka. „Alex Máni er 27 ára og hefur verið í læri hjá Jóhanni Óla Hilmarssyni fuglafræðingi. Þeir ætla báðir að koma til mín í fuglaþáttinn í Bakkastofu, enda vita þeir meira en flestir um fugla. Þannig að ég hef aðal töffarana með mér í dagskránni," segir hún glaðlega.

Að sjálfsögðu er eiginmaður Ástu Kristrúnar, söngvarinn Valgeir Guðjónsson, á töffaralistanum. „Valgeir er nú búinn að vera fuglamiðaður alla tíð. Ég man þegar við bjuggum í Þrándheimi 1978-81 og hann var að byrja að semja lög við fuglatextana hans Jóhannesar úr Kötlum," rifjar hún upp og lofar söng og ljóðum í dagskránni.

Hver veit nema auðnutittlingar komi við sögu í þættinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Milli laga verður svo enginn skortur á sögum og fróðleik, heyrist mér á Bakkastofufrúnni. „Fyrir jólin kom út skemmtileg bók sem heitir Fuglar og þjóðtrú og er eftir Sigurð Ægisson, prest á Siglufirði. Ég datt ofan í hana og ákvað að setja miða við það sem mér fannst áhugavert, ég held það sé kominn miði í hverja opnu svo ég verð að velja úr því efni af kostgæfni. Ég var líka svo heppin að ná í síðasta eintakið af Fuglaspilinu sem tvær ungar konur gáfu út fyrir nokkrum árum og seldist upp. Það ætla ég að nota í þættinum og vera með myndir af fuglunum."

Meðal þess sem við sögu kemur í væntanlegri dagskrá, að sögn Ástu Kristrúnar, er Eggjaskúrinn sem stendur bak við Húsið á Eyrarbakka og vitnar um þekkingarleit fróðleiksfúsra manna sem bjuggu í Húsinu á 19. öld. „Þar komu þeir sér upp skráðu eggjasafni með aðstoð fólks um allt land og Náttúrufræðistofnun fékk síðan það safn að gjöf," lýsir hún.

Fuglatónleikar voru fastur liður um páskana í Bakkastofu um nokkurra ára bil. „Þá dansaði fólk fugladansinn og það var tekið upp á ýmsu. En eftir að COVID-19 kom til sögunnar er slíkt ekki í boði. Við hjónin tókum hins vegar tæknina í okkar þjónustu á aðventunni og sendum þá út nokkra Bakkastofuþætti, þetta verður svo sá þriðji frá áramótum. Við hlökkum mikið til," segir Ásta Kristrún.

Á bak við hana heyrist krunk í hröfnum og hún viðurkennir að fimm krummar hafi raðað sér á mæninn á Læknishúsinu sem sé næsta hús við Bakkastofu, enda hafi hún fleygt til þeirra hráum kjötbitum daginn áður. Það er greinilega ekki langt í fuglalífið hjá henni á Bakkanum. **gun@frettabladid.is**

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ragnheiður Vigfúsdóttir Þormar

er látin.

Þórarinn Þórarinsson
Ragnheiður Hrefna Þórarinsdóttir
Sigurður Steinþórsson
Guðríður K. Pétursdóttir
Tómas Þorkelsson
barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,

Hörður Hákonarson

ljósmyndari, Mánatúni 7, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum þann 16. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir einstaka umhyggju og hlýtt viðmót.

Þórdís Sveinsdóttir
Sveinn Hákon Harðarson
Hilmar Björn Harðarson

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 179.880 KR
VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR
VERÐ 217.920 KR
VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR

VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 1 ↘	2 °C | 9 ↗	2 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C | 8 ↘	3 °C | 2 ↘	-6 °C | 4 ↘

Norðlæg eða breytileg átt, 3-10. Vestan og suðvestan 5-10 í dag og víða bjartviðri en stöku él við norðurströndina. Hiti kringum frostmark en kólnar aftur í kvöld.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 5 ↗	5 °C | 19 ↗	4 °C | 14 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 5 →	3 °C | 2 ↘	-4 °C | 9 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 6 ↗	5 °C | 7 ↗	6 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
6 °C | 4 ↗	7 °C | 7 ↘	-1 °C | 4 ↑

LÉTT

9		3	7				1	
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

MIÐLUNGS

1	5				4		8	
2	3	6	9			1		7
		4			3			
4		2					1	6
	9						5	
	6		7			8		
			2	4		3		
3			5	6			7	
9			3					

ÞUNG

		7				2		
9	6	8				3		
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
	4							1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 formæla
5 rennsli
6 átt
8 fyrirlestur
10 átt
11 máleining
12 leikur
13 keppni
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 aflaga
2 kvk nafn
3 mynni
4 svipan
7 snerting
9 dálitlu
12 etja
14 krap
16 íþróttafélag



LÁRÉTT: 1 blóta, 5 rás, 6 nv, 8 erindi, 10 na, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 brenglа, 2 læra, 3 ósi, 4 andra, 7 við-koma, 9 nokkru, 12 slága, 14 elg, 16 ír.

Skák Gunnar Björnsson

Halldór Kristjánsson (1.519) átti leik gegn Þórði Grímssyni (1.482) á Yrðlingamóti TR.

22...Dxb2+! 23. Kxb2 Rc4+ 23. Kb3 Rxe3 24. Hd3 Rc4 25. Hdg3 Rxe5 og svartur vann skömmu síðar. Skákstarfsemin færist nú á netið. Taflfélag Reykjavíkur verður með þriðjudagsmót á netinu í kvöld og hraðskákmót öldunga (40+) og yrðlinga (18-39 ára) á morgun og hinn.

www.skak.is: Skák á netinu.

Svartur á leik

6	1	8	3	2	4	9	5	7
9	4	7	1	5	6	2	3	8
2	3	5	7	8	9	1	4	6
4	2	3	5	9	8	6	7	1
7	5	9	6	1	3	8	2	4
8	6	1	4	7	2	3	9	5
5	7	2	8	3	1	4	6	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2
1	9	4	2	6	5	7	8	3

6	7	4	9	3	8	1	2	5
1	8	3	2	6	5	7	9	4
2	9	5	7	4	1	6	8	3
4	2	8	1	7	3	9	5	6
5	1	6	8	9	4	3	7	2
7	3	9	5	2	6	8	4	1
8	4	1	3	5	7	2	6	9
9	6	7	4	1	2	5	3	8
3	5	2	6	8	9	4	1	7

7	9	1	6	3	5	8	4	2
8	2	5	1	7	4	3	9	6
6	3	4	8	9	2	1	5	7
9	6	7	2	8	1	4	3	5
1	5	3	4	6	7	9	2	8
2	4	8	9	5	3	6	7	1
3	8	2	5	4	6	7	1	9
4	1	6	7	2	9	5	8	3
5	7	9	3	1	8	2	6	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Á frettabladid.is finnur þú..
- nýjar fréttir
- léttar frettir
- íþróttafréttir
- viðskiptafréttir
- skoðanapistla
- Halldór

og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Persónuleg hugvekja sem á að vera fræðandi

Sverrir Norland er höfundur bókarinnar Stríð og kliður. Fléttar saman eigin lífsreynslusögum og hugleiðingum um náttúru, loftslagsbreytingar og tækni. Vonar að bókin sé tímabær og að það skapist umræða um hana.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ég er bjartsýnn og svartsýnn í senn, segir rithöfundurinn Sverrir Norland sem hefur sent frá sér bókina Stríð og klið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stríð og kliður: Hvað verður um ímyndunaraflið? nefnist ný bók eftir rithöfundinn, þýðandann, útgefandann og gagnrýnandann Sverri Norland. Hann segir bókina ólíka öllu öðru sem hann hefur áður skrifað en þar fléttar hann saman eigin lífsreynslusögum og hugleiðingum um náttúru, loftslagsbreytingar og tækni, og veltir fyrir sér hvaða áhrif hinar öru breytingar á þessum sviðum eru teknar að hafa á ímyndunarafl okkar og andlega líðan.

„Forsögunnar er að leita aftur til ársins 2016 þegar ég lenti í sköpunarkrísu. Þá bjó ég í New York og mér fannst heimurinn skyndilega svo pakkfullur af knýjandi vandamálum að ég gæti ekki lengur réttlætt það að sitja einn í herbergi og búa til persónur og platvandamál í skáldsögu. Það þyrmdi yfir mig við tilhugsunina um fjöldaútrýmingu dýra, loftslagsbreytingar og yfirtöku tækninnar sem treður sér inn á hvert einasta svið. Þegar við fjölskyldan fluttumst burt frá stórborginni lögðumst við í flakk og um skeið starfaði ég með bónda í Japan sem ræktar lífrænt grænmeti. Þar drap ég mig næstum því á traktor, eins og ég lýsi á fyrstu síðum bókarinnar. Þegar ég flaug um japanska sveitaloftið og skall í jörðina vissi ég að ég ætti ekki að vera bóndi, ég væri miklu betri í því að skrifa. Fljótlega í kjölfarið byrjaði ég að skrifa þessa bók.“

Stríðið gegn náttúrunni

Sverrir kemur víða við í Stríði og kliði. „Stríðið í titlinum er stríðið gegn náttúrunni og kliðurinn er upplýsingadynurinn og tæknin sem er farin að leka inn á öll svið. Ég er að velta því fyrir mér hvernig við getum haldið áfram að vera skapandi í þessu umhverfi. Uppspretta ímyndunaraflsins, sem er lífheimurinn allt í kringum okkur, á undir högg að sækja og hausinn á okkur er alltaf undir svo miklu áreiti að við fáum ekki lengur tíma til að vera skapandi og hugsa og vera við sjálf. Hvernig eigum við að fara inn í framtíðina? Samtíminn byggir á því sem undan fór og því vitna ég í skáld fyrri tíma og alls kyns listamenn og enda á því að vinna mig út úr þessari krísu með því að tína til allt sem mér finnst gera lífið þess virði að lifa því.“

> ÉG ER EKKI VÍSINDAMAÐUR, ÉG ER BARA VENJULEG MANNESKJA OG REYNI AÐ SKRIFA ÞESSA BÓK Á MENNSKAN EINSTAKLINGSBUNDINN HÁTT.

Vörn gegn eyðileggingu

Spurður hvort hann sé svartsýnn eða bjartsýnn á framtíð manns og heims segir hann: „Ég er bjartsýnn og svartsýnn í senn. Ég held að við þurfum að geta fjallað um neikvæða hluti á bjartsýnislegan hátt. Það er algjör neikvæðni að hunsa ógnvænlegar áskoranir. Nú, þegar við erum að fara í gegnum COVID, væri sjálfsblekking að telja sér trú um að við getum haldið áfram með sama hætti og áður þegar þessu krefjandi tímabili lýkur.

Ég er ekki vísindamaður, ég er bara venjuleg manneskja og reyni að skrifa þessa bók á mennskan einstaklingsbundinn hátt sem vonandi talar til margra og styrkir þá í því að það skipti máli hvernig hvert og eitt okkar lifir lífinu. Þetta er persónuleg hugvekja sem á að vera fræðandi, án þess að vera fræðirit.

Viðbrögðin fram til þessa hafa verið afar jákvæð svo að ég vona að það sé til marks um að bókin sé tímabær og að það skapist áframhaldandi umræða um hana. Við þurfum að hugsa um náttúruna og tæknina á skapandi og fjölbreyttan hátt, ekki aðeins undir formerkjum stórfyrirtækja og stjórnvalda heldur líka sem sterkir og skapandi einstaklingar sem láta sig veröld sína varða – og sem listamenn. Þar verður frjóasta hugsunin til. Listamenn horfa svo grannt í kringum sig, sköpun þeirra sprettur upp úr ást þeirra á veröldinni – og þar með eru þeir, sem fulltrúar hreinskilni og þess hugrekkis sem það krefst að tala tæpitungulaust, vörn gegn eyðileggingu heimsins.“

Gott úrval notaðra bíla
Flottir bílar – frábær kjör!

SsangYong Tivoli HLX '18, sjálfskiptur, ekinn 58 þús. km. Verð: 3.190.000 kr.

Opel Astra Innovation '17, sjálfskiptur, ekinn 39 þús. km. Verð: 2.490.000 kr.

Opel Crossland X Innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 29 þús. km. Verð: 2.890.000 kr.

SsangYong Rexton Hlx '17, sjálfskiptur, ekinn 77 þús. km. Verð: 4.890.000 kr.

SsangYong Koranod Dlx '19, sjálfskiptur, ekinn 33 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is

Bílabúð Benna | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. *Forsendur: 5 ára lán hjá Lykli. Útborgun 600.000 kr. með notuðum bíl.

TAXFREE
DAGAR
27. MARS TIL 3. APRÍL
TAX
FREE
AF ÖLLU*
*nema af IITTALA, BITZ, SKOVBY eða sérpöntunum.
VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

SCOTT
Hornsófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur í þremur litum, koníaksbrúnu, steingráu og dökkgráu. Sterkir fætur úr svörtu járni. Hægra eða vinstra horn (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.
225.798kr. ~~279.990 kr.~~
HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt (e) Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Karlmennskan (e) Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Lífið er lag (e) Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.30 433.is Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Af fingrum fram Jóhann G. Jóhannsson
10.15 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands
10.45 Stóra myndin. COVID og heimsbyggðin
11.25 Okkar á milli Grímur Atlason
11.55 Hraðfréttir
12.10 Andri á flandri í túristalandi
12.40 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni
13.05 Aldamótabörn verða tvítug
14.05 Ferris Bueller's Day Off Skrópasótt
15.50 Þýskaland - Rúmenía Bein útsending frá leik á EM U21 karla í fótbolta.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Víkingaþrautin Víkingaþrautin - 1.hluti
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli Sigmar ræðir við Kristínu Jónsdóttur sem hefur verið sérstaklega áberandi í fréttum undanfarnar vikur.
20.35 Ertu einhverfur? Are You Autistic? Bresk heimildarmynd sem tekur á algengum hugmyndum um einhverfu og skoðar hvernig það er að lifa með einhverfu.
21.25 Gösta
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 DNA DNA
23.00 Útlaginn
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour 2021 Útsending frá Kenya Savannah Classic.
13.00 European Tour 2021 Útsending frá Kenya Savannah Classic.
17.30 European Tour 2021 - Highlights
18.15 European Tour 2021 Útsending frá Kenya Savannah Classic.
22.45 PGA Highlights 2021
23.40 2021 PGA Tour Champions Learning Center

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 American Housewife
14.55 George Clarke's Old House, New Home
15.40 90210
16.40 Family Guy
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.40 Með Loga
19.15 Carol's Second Act
19.40 mixed-ish
20.10 Zoey's Extraordinary Playlist Skemmtileg þáttaröð þar sem tónlist spilar stórt hlutverk.
21.00 FBI
21.50 The Hobbit. The Desolation of Smaug Annar hluti í sögunni. Eftir að hafa lifað af ferðalagið í gegnum Þokufjöll heldur hópurinn áfram í austur þar sem hann kemst í kynni við marga nýja óvini, þar á meðal hina hættulegu skógarálfa og grimmar risakóngulær í Myrkraskógi. Hamskiptingurinn Beorn kemur mikið við sögu og Bilbó Baggins finnur hringinn sem Gollum hafði týnt.
00.25 The Hateful Eight
03.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið Bergur og Íris Dögg frá CCP
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (5 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (48 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 Britt-Marie Was Here
12.35 Road Less Travelled
14.00 Mary Shelley
16.00 Britt-Marie Was Here
17.35 Road Less Travelled
19.00 Mary Shelley
21.00 I, Robot
22.50 Superfly
00.45 The Boy Downstairs
02.10 I, Robot

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Logi í beinni
10.40 The Village
11.25 NCIS
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Fast Fix. Diabetes
13.45 Ísskápastríð
14.15 Tiny Lives
15.20 Allt úr engu
15.45 Grey's Anatomy
16.35 Hannað fyrir Ísland
17.15 PJ Karsjó
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 12 Puppies and Us
20.55 Mom
21.20 S.W.A.T.
22.05 The Wire
23.05 A Teacher
23.35 LA's Finest
00.20 One Nation Under Stress
01.25 Veronica Mars
02.05 The O.C.
02.50 NCIS

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 The Bold Type
21.55 Big Little Lies
22.40 Castle Rock
23.25 Our Girl
00.20 Friends
00.45 Friends
01.05 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.15 Seinni bylgjan - karla
10.40 FH - Stjarnan Útsending frá leik í Olís deild karla.
12.05 Stjarnan - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
13.45 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
14.30 Þór/KA - Stjarnan Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.
16.10 Seinni bylgjan - kvenna
17.10 FH - Stjarnan Útsending frá leik í Olís deild karla.
18.30 Seinni bylgjan - karla
20.00 Dominos Körfuboltakvöld Leikirnir í Dominos deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
21.30 Dominos Tilþrifin 18. umferð
22.15 Stjarnan - Grindavík Útsending frá leik Stjarnan - Grindavík í Dominos deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

08.30 Tyrkland - Holland
10.10 Belgía - Wales
11.50 Ísrael - Danmörk
13.35 New Orleans Pelicans - Dallas Mavericks Útsending frá leik í NBA.
15.50 Aserbaísjan - Serbía Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
17.55 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
18.35 Wales - Tékkland Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
20.45 Markaþáttur HM
21.15 Toronto Raptors - Portland Trail Blazers Útsending frá leik í NBA.
23.25 Aserbaísjan - Serbía

Beltone **Amaze**™

Mætti ég biðja um hljóð?

Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone **Amaze**™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Bassi segist alltaf ætla að halda sé ferskum og fólki á tánum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞETTA HEFUR VERIÐ ALVEG ÓTRÚLEGA SKRÝTIÐ. ÉG FÓR TIL DÆMIS Á SUBWAY Í GÆR OG SÁ BARA STUTTU SÍÐAR TVÍT „VAR AÐ AFGREIÐA BASSA MARAJ Á SUBWAY“. ÞETTA KEMUR MÉR ALLTAF JAFN MIKIÐ AÐ ÓVART.

Bassi Maraj vill halda fólki á tánum

Bassi Maraj er óhræddur við að prufa nýja hluti og trónir fyrsta lag hans á toppi Spotify á Íslandi. Hann átti viðburðaríka helgi þar sem tíst hans vöktu athygli. Hann segist hafa gert þau í algjörum galsa og engan viljað særa.

Raunveruleikastjarnan og nú tónlistarmaðurinn Bassi Maraj stígur inn í mánudaginn sprækur eftir alla athyglina fyrir færslur hans á Twitter um helgina, þar sem hann svaraði meðal annars Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og óskaði eftir að fá nýja stjórnarskrá sem fyrst. Bassi er einlægur og opinn og segist fyrst og fremst hafa verið í galsa og engan viljað særa.

Oft er sagt um raunveruleikastjörnur að öll athygli sé góð athygli, en Bassi vakti fyrst athygli á landsvísu í sjónvarpsþáttunum Æði sem eru sýndir á Stöð 2. Í þeim er sýnt frá daglegu lífi hans og vina hans, þeirra Patricks Jaime og Binna Glee. Þrátt fyrir að beinskeytnin á Twitter fari misvel í fólk, þó oftast vel, hefur Bassi verið að afla sér mjög jákvæðrar athygli síðastliðna viku og það fyrir tónlist. Hann trónir á toppi Spotify-listans hér á landi með lagi sem heitir einfaldlega Bassi Maraj. Ekki bara er lagið gífurlega vinsælt heldur hefur það einnig verið lofað í hástert af hinum ýmsu tónlistarmönnum fyrir gott flæði og frábæran takt út smiðju Arnars Inga Ingasonar, sem einnig er þekktur sem Young Nazareth. Viðtökurnar hefðu í raun varla getað verið betri.

Fyrsta lag Bassa hefur svo sannarlega slegið í gegn á Spotify. Það trónir nú í efsta sæti á Íslandi. MYND/AÐSEND

Bassi sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Æði, með vinum sínum Patrick Jaime og Binna Glee. MYND/STÖÐ 2

Róleg helgi

„Ég er mjög slakur eftir helgina, ekkert í gangi. Gerðist ekkert merkilegt, var bara að hafa kósí,“ segir Bassi kíminn.

„Þetta var sko bara djók. Það einfaldlega sprakk upp og ég var bara „ókei“. Ég var ekki með neina fylgjendur á Twitter,“ segir Bassi og bætir við hann hafi alls ekki búist við þessum viðbrögðum.

„Ég vaknaði morguninn eftir og allir að missa það.“

Er Bjarni Ben nokkuð búinn að hafa samband við þig?

„Nei. En ef hann hefði haft samband við mig hefði ég alveg fílað það, því hann er auðvitað algjört æði. Mér finnst hann alveg „hot“,“ segir hann.

Bassi segist ekki hafa vitað hver Hannes Hólmsteinn Gissurarson er og því hafi ekki verið um eiginlegt né persónulegt skot á hann að ræða.

„Nei, ég veit ekkert hver Hannes er. Þetta Grindr-dæmi var bara úr lausu lofti gripið.“

Semur helst í bílnum

Bassi er núna á fullu að vinna að nýrri stuttskífu sem kemur út á næstu misserum. Hann segist eyða miklum tíma í stúdíóinu þessa dagana og það sé nóg að gera. Vinsældir slagarans Bassi Maraj komu honum að óvart en hann samdi textann sjálfur.

„Ég er búinn að vera í textasmíði frekar lengi. Þetta er þess kyns rapp að þetta má alveg vera pínu steypa líka. Viðbrögðin hafa verið góð og lagið er núna búið að vera efst á Spotify í heila viku og er það enn. Þetta lag small fljótt saman, ég fór í raun bara einu sinni í stúdíóið. Mér finnst best að semja tónlist í bílnum, þá er ég oft að „blasta“ tónlist. Svo kemur oft til mín einhver texti og ég legg bílnum til að skrifa hann niður. Ég er ekkert á 120 kílómetra hraða að skrifa niður texta,“ segir hann og hlær.

Hann segist ekki einskorða sig við rapptónlistina og geta séð fyrir sér að gera tónlist úr mörgum ólíkum tónlistastefnum og -stílum.

„Mér finnst samt rappið skemmtilegast, mér finnst æði að rappa.“

Hann ætlar að bíða með að gefa út fleiri slagara þar til að ástandið er búið að skána hvað COVID varðar.

„Ég var búinn að bóka mig á nokkra staði, eiginlega út um allt. Svo þegar ég var að fara að byrja, þá hófst önnur bylgja af COVID.“

Skrýtið að venjast frægðinni

Sýningar á nýjustu seríu Æði kláruðust fyrir tæpum mánuði. Bassi viðurkennir að það hafi verið furðulegt að venjast frægðinni sem fylgdi þátttöku hans í þáttunum til að byrja með.

„Þetta hefur verið alveg ótrúlega skrýtið. Ég fór til dæmis á Subway í gær og sá bara stuttu síðar tvít: „Var að afgreiða Bassa Maraj á Subway.“ Ég var bara „whaat!“. Þetta kemur mér alltaf jafn mikið á óvart. Ég er enn þá að gera allt eins og ég gerði áður en þættirnir byrjuðu. En núna veit fólk bara hver ég er,“ segir hann.

Bassi þvertekur fyrir það að hann sé að leika einhvern karakter í þáttunum.

„Þegar fólk hittir mig segir það oft „Hey, þú ert bara svona.“

Hann er ekki með nein ákveðin plön um hver næstu skref hjá honum séu, nema að vera alltaf með ferskar og nýjar hugmyndir.

„Ég vil fyrst og fremst vera að gera hluti sem fólk á ekki von á að ég geri. Halda fólki á tánum, aldrei gefa út svipuð lög. Alltaf eitthvað nýtt,“ segir hann.

Engin fylling í rassinn

Bassi hefur verið ófeiminn við að tala um lýtaaðgerðir sem hann hefur farið í. Hann lét fylla í varirnar fyrst fyrir tveimur árum og gerir enn reglulega.

„Mér finnst allt í lagi að fólk lagi það sem það er óöruggt með. Ég fer alltaf til Evu Lísu hjá The Ward. Svo er á planinu að láta gera eitthvað meira.“

Hvað væri það mögulega, fyllingar í rassinn?

„Nei, kast. Ég ætla ekki að vera með „fat ass“. Mig langar aðeins að breyta andlitinu. Ég er alveg með stóran rass og ég er sko ekkert hræddur við að segja frá því.“

Lagið Bassi Maraj er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. **steingerdur@frettabladid.is**

ÚR KJÖT-BORÐI

Grísalundir

1.698 kr.

15% afsláttur

ÚR KJÖT-BORÐI

Nauta rib-eye

4.998 kr.

Áður 5.898 kr./kg

GLEÐILEGA

PÁSKA

Í FJARÐARKAUPUM

ORA
grænar baunir

174 kr.

ORA
maískorn

229 kr.

Egils Páskaöl
Klárt í kælinn

1.298 kr.

Lúxus
Heiðalamb

1.498 kr/kg.

Páskaservíettur
33 cm.

498 kr.

Jarðarber
1 kg

1.380 kr.

Pipp
Páskaostakaka

1.498 kr.

AFGREIÐSLUTÍMAR UM PÁSKANA

Miðvikudagur	9-19	Laugardagur	9-18
Skírdagur	9-18	Páskadagur	Lokað
Föstud. langi	Lokað	Annar í páskum	Lokað

FK
FJARÐARKAUP
EINSTÖK VERSLUN

Nú eru páskarnir komnir í Fjarðarkaup með miklu úrvali af girnilegum mat og margskonar meðlæti. Í versluninni er einnig fjölbreytt úrval af páskaskrauti og páskavörum til að skreyta heimilið.
Kíktu í heimsókn og kynntu þér úrvalið.
www.fjardarkaup.is

EXTRA

Kemur með Costco til þín...

OSTAR

FORD FARM
CARAMELIZED
ONION CHEDDAR
1699
KR/PK

FORD FARM
TRUFFLE
CHEDDAR
1699
KR/PK

BARBER'S
AGED RED
LEICESTER
1599
KR/PK

Opið alla páskana

Barónsstígur
8-24

Keflavík og Akureyri
opið allan sólarhringinn.

Lengstu kaflarnir í bókinni eru um Friedrich von Hayek og Milton Friedman sem eru tveir af fimm í bókinni sem Hannes kynntist persónulega. Hinir eru Karl Popper, James M. Buchanan og Robert Nozick. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heimskringla hugsuða Hannesar Hólmsteins

Hannes Hólmsteinn taldi óhjákvæmilegt annað en að segja frá persónulegum kynnum af Friedman, Hayek og fleirum í nýrri bók um Snorra Sturluson og 23 aðra íhaldssama frjálshyggjuhugsuði.

Hugveitan New Direction í Brüssel hefur gefið út bókina Twenty-Four Conservative-Liberal Thinkers eftir stjórnmálafræðiprófessorinn Hannes Hólmstein Gissurarson en eins og titillinn gefur til kynna fjallar hann þar um á þriðja tug íhaldssamra frjálshyggjukarla og eina konu, Ayn Rand.

„Ég var nú beðinn um að skrifa þetta og svo varð þetta nú að heilli bók og meginstefið, eða boðskapurinn, í bókinni er að frjálslyndi og íhaldssemi þurfa ekkert að vera neinar andstæður. Og þær eru ekki andstæður ef íhaldssemin er fólgin í að reyna að halda í frelsið," segir Hannes.

Sjálfur Snorri Sturluson er fyrsti hugsuðurinn sem þú tekur fyrir í bókinni. Hvernig tekst þér að draga hann í þennan flokk?

„Ja, ef þú lest rit Snorra Sturlusonar; Heimskringlu, Eddu og Eglu, þá sérðu að þar ber mjög mikið á tortryggni gagnvart konungsvaldi. Þannig að ég held að Snorri Sturluson sómi sér mjög vel sem einn af frumkvöðlum frjálshyggjunnar þó að frjálshyggjan verði ekki til sem stjórnmálastefna fyrr en með bylting unni 1688 í Bretlandi."

Íslensk áhrif

Hannes hafði sínar ástæður þegar hann fékk skopmyndateiknarann Halldór Baldursson til þess að gera kápumynd bókarinnar. „Mér finnst hann nú bara mjög góður teiknari og mér fannst að það væri dálítið gaman ef að við Íslendingar gætum lagt eitthvað til þessarar bókar.

Kaflinn um Snorra Sturluson er auðvitað eitt dæmið. Teikning Halldórs Baldurssonar er annað dæmið og þriðja dæmið er að ég vík á nokkrum stöðum að Íslandi og tek íslensk dæmi. Þá kannski til þess að reyna að bæta einhverju við. Einhverju sjónarhorni sem enginn annar hefur.

Ég held að margt af því sem ég er að segja í þessari bók hafi komið fram víða annars staðar en það er tvennt sem hvergi kemur fram annars staðar. Það er í fyrsta lagi þetta íslenska sjónarhorn og í öðru lagi persónuleg kynni mín af fimm af þessum mönnum sem ég skrifa um," segir Hannes og nefnir sérstaklega þá Friedman og Hayeck.



Halldór Baldursson teiknaði hópmyndina sem prýðir bókakápuna.

Heimildagildi minninganna

„Þeir sögðu mér margt sem var mjög merkilegt og greyptist í minni mér og síðan auðvitað var Friedman náttúrlega svo skemmtilegur og orðheppinn að mér fannst rétt að færa í letur margt af því sem hann sagði."

Þér leiðist nú ekkert þegar þú getur komið að persónulegum kynnum og þú „neimdroppar" svolítið í bókinni.

„Ég velti þessu mikið fyrir mér. Hvort ég ætti að segja frá persónulegum kynnum mínum af þessum mönnum mörgum," segir Hannes og leggur mikla áherslu á að þetta hafi kostað hann mikla yfirlegu.

„En ég komst að þeirri niðurstöðu að ég ætti að gera það því það getur verið að það bæti einhverju við vitneskju okkar og þekkingu um þá. Þannig að bókin verði eitthvað annað og meira heldur en bara endurtekning á því sem hefur komið fram í ótal öðrum bókum og sannleikurinn er sá að ég kynntist vel mörgum þessara manna."

> **ÞAÐ ER MJÖG LÍTIL EFTIRSPURN Á MÉR Á ÍSLANDI OG ÉG ER EKKI SPÁMAÐUR Í MÍNU FÖÐURLANDI.**

Upphefð að utan

Bókin er á ensku eins og reyndar miklu fleiri greinar og bækur Hannesar á undanförnum árum enda virðist eftirspurnin eftir Hannesi meiri úti í hinum stóra heimi. „Það er mjög lítil eftirspurn á mér á Íslandi og ég er sko ekki spámaður í mínu föðurlandi. En það getur vel verið að ég sé spámaður þegar er komið út fyrir föðurlandið. Ég skal bara ekki um það segja. Ætli það komi ekki bara í ljós með þessari bók," segir Hannes.

Eru þessi skrif þín á ensku drjúgur tekjupóstur?

„Ja, ég kvarta ekki," svarar Hannes mátulega dularfullur og við tekur þögn sem sýnir svo ekki verður um villst að þetta verður ekki rætt frekar.

Bókinni hefur verið dreift í bókabúðir á Íslandi en hana má einnig nálgast ókeypis á netinu á vef útgefandans Newdirection.online.

Hvernig stendur á því? Það getur nú varla talist góður bissniss?

„Það er bara vegna þess að útgefandinn vill að þetta verði sem aðgengilegast fyrir sem flesta," segir Hannes hlæjandi. „Og nútíminn er þannig að þú prentar hluti og þú setur þá líka á netið og ég tel að næsta skref væri að gera þetta að hljóðbók," segir Hannes en hann ræðir bókina í mun lengra máli á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is.

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

STÖNDUM SAMAN UM VELFERÐ BARNA

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja alla í samfélaginu til að hafa það sem er börnum fyrir bestu að leiðarljósi nú sem endranær vegna Covid-19 faraldursins. Börn þurfa öðrum fremur á umhyggju, stöðugleika og öryggi að halda.

- **Tökum tillit til foreldra.** Atvinnulífið þarf að sýna því skilning að foreldrar þurfa að sinna börnum sínum þegar skólastarf er skert og börnin heima og geta því ekki skilað fullum vinnuafköstum á sama tíma.

- **Hlustum á börnin.** Gefum börnum tækifæri til að tjá líðan sína og upplifun. Fræðum börn um aðstæður í samfélaginu út frá aldri þeirra, líðan og þroska.

- **Verum góð fyrirmynd.** Börn skynja líðan okkar og viðhorf þeirra mótast út frá þeim viðbrögðum sem við sýnum. Mikilvægt er að fara eftir tilmælum Almannavarna hverju sinni svo börn læri um nauðsyn þess.

- **Sýnum samkennd og umhyggju í orði og verki.** Aðstæður okkar eru mismunandi og mikilvægt er að sýna því skilning.

- **Tilkynnum til barnaverndar.** Verum vakandi yfir aðstæðum sem börn búa við. Tilkynnum til barnaverndar í númerið 112 ef grunur leikur á að börn búi við slæm skilyrði, ofbeldi eða vanrækslu. Umhverfi barna getur versnað við þessar breyttu aðstæður.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi óska öllum landsmönnum gleðilegra páska.

Barnaheill

NETTÓ Á NETINU

- EINFALT OG ÞÆGILEGT -

SPARAÐU ÞÉR SPORIN OG PANTAÐU PÁSKAMATINN Í NETVERSLUN NETTÓ

NETTO.IS

Lambahryggur
Heill

2.099 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG

Hamborgarhryggur
Með beini – Kjötsel

1.195 KR/KG
ÁÐUR: 1.784 KR/KG

GILDIR 25.–31. MARS

Grasker

199 KR/KG
ÁÐUR: 398 KR/KG

50% AFSLÁTTUR

Andabringur
400–500 gr – Butterfly

2.693 KR/KG

Bæonne skinka
Kjötsel

996 KR/KG
ÁÐUR: 2.119 KR/KG

53% AFSLÁTTUR

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

FRÁBÆRT ÚRVAL AF PÁSKAEGGJUM!

TILBOÐIN GILDA: 25. MARS – 5. APRÍL

NÚ GETA ALLIR VERIÐ MEISTARAKOKKAR

Stutt lambalæri
Bláberja
1.295 KR/KG
ÁÐUR: 2.159 KR/KG

40%
AFSLÁTTUR

PÁSKABLAÐ NETTÓ ER KOMIÐ ÚT

- ***Páskasteikin***
- ***Úrval af páskaeggjum***
- ***Frábær tilboð***

Kynntu þér afgreiðslutíma Nettó yfir páskana

Skannaðu kóðann og kíktu á blaðið

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Wellington
Lambakjöt
4.479 KR/KG
ÁÐUR: 5.599 KR/KG

20%
AFSLÁTTUR

GÓMSÆT ÍSLENSK MARINERING Á PÁSKASTEIKINA ÞÍNA

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Goslaus dagur

Mánudagar eiga það til að vera erfiðir. Fyrir miðaldra karlmann í yfirvigt má segja að í dag sé mánudagur allra mánudaga. Úrvinda rita ég þennan pistil eftir að hafa gengið upp að eldgosinu í gærkvöldi og komið heim um miðja nótt – kaldur, hrakinn og alveg jafn þungur.

Það var bara ekki hægt að sleppa þessu. Undanfarna viku hef ég fylgst með öllum sem ég þekki, birta myndir á Facebook af slíkri ákefð að engu líkara er að engill á himnum muni deyja, ef gosmynd er ekki póstað.

Nema hvað, ég hrökklaðist þessa grýttu leið ásamt þúsundum annarra sem fæstir voru klæddir eftir aðstæðum. Eftir því sem maður verður miðaldraðri þá fer maður ósjálfrátt að gera fleiri og alvarlegri athugasemdir við hegðun annarra. Ég heyrði hnussið í sjálfum mér þegar ég gekk fram hjá menntaskólastúlkum í kálfasíðum leggings-gallabuxum og flatbotna strigaskóm og ekki skánaði geðið þegar ég festist fyrir aftan eitthvert idjót sem bar utan á sér hátalarakerfi í hæstu stillingu með lagalistanum úr Hringadróttinssögu. „Þetta unga fólk!“ muldraði ég í hljóði.

Í myrkrinu horfði ég á mannmergðina sjúga upp í nefið og hnerra framan í samferðafólk sitt á meðan hver sófakartaflan á fætur annarri hlunkaðist á rassgatið á ísilagðri gönguleiðinni, með óafturkræfum jarðvegsbreytingum í för með sér, sem aldrei fóru í umhverfismat. Sóttvarnalög voru ekki ofarlega í huga göngugarpa þetta kvöld, þrátt fyrir krúttleg skilti sem minntu gesti á tveggja metra regluna. Af ótta við sóttvarnasektir þorði ég ekki að hjálpa þeim slösuðu á fætur.

En að öllu þessu slepptu þá var upplifunin einstök. Fegurðin stórkostleg. Eins og beint úr andans efstu hillu.

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

STILLANLEGT HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU, EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI
Verð frá kr. 439.900.-
BODYPRINT Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

PANDORA
RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
Verð 219.900.-

ZERO GRAVITY

BARON | VANDAÐUR RAFDRIFINN LEÐURSÓFI
Verð kr. 524.900.-

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÓLUVÖRUR

10.000 kr. AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU VIÐ DÝNUKAUP

ÝMIR
7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA MEÐ BOTNI OG FÓTUM
120×200 cm: Verð áður ~~kr. 84.900~~
NÚ AÐEINS KR. 74.900
Fleiri stærðir og gerðir í boði

FRIGG | IÐUNN | MIÐGARÐUR

MIKIÐ ÚRVAL AF FERMINGARGJÖFUM

FERMINGARTILBOÐ Í FULLUM GANGI

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

LEXON FLIP VEKJARAKLUKKA
MARGIR LITIR
Minni gerð kr. 5.500.-
Stærri gerð kr. 6.900.-

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

HÖFÐAGAFLAR OG RÚMFÖT

OUTLET
Gerðu frábær kaup
Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.